

skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Jólahlaðborð




Hollt fyrir húðina

*Auður Ingibjörg Konráðsdóttir fjallar um mataræði og næringu í tengslum við húðvandamál.*

allt 4




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Þriðjudagur
2. nóvember 2010
257. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Vaknar með bros á vör

*Bryndís vörustjóri Eymundsson segist vera hægrisinnaður Breiðhyltingur.*

tímamót 16

## Datarock á Nasa

*Íslandsvinirnir í Datarock spila á tónleikaröðinni Direkt á Nasa á föstudag.*

fólk 24



## Barca kemur til Köben

*Sölvi Geir Ottesen og félagar í FCK taka á móti Barcelona í kvöld.*

sport 26

## veðrið í dag




**MJÖG HVASST NV- OG V-TIL**
Búist er við stormi á Vestfjörðum og yst á Snæfellsnesi. V-lands má búast við 10-20 m/s en vindur verður fremur hægur í öðrum landshlutum. Úrkomulítið SA- og A-til.

VEÐUR 4

# Deilur um þrotabú banka streyma til dómstólanna

**Höfðuð hafa verið hátt á sjötta hundrað ágreiningsmála vegna gjaldþrota fyrir héraðsdómstólum það sem af er ári, um 25 sinnum fleiri en í meðalári. Bara toppurinn á ísjakanum segir formaður dómstólaráðs.**

**DÓMSMÁL** Holskefla ágreiningsmála vegna föllnu bankanna hellist nú yfir héraðsdómstóla. Fyrstu níu mánuði ársins var höfðað 561 ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta. Þetta eru um 25 sinnum fleiri mál en í meðalári, þegar þau fylla gjarnan annan tuginn.

Þetta kemur fram í samantekt dómstólaráðs yfir fjölda mála sem borist hafa héraðsdómstólunum.

„Þau mál sem eru þegar komin eru bara toppurinn á ísjakanum," segir Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs. Hann segir að dómstólar megi búast við að málin verði samtals um það bil 2.000 talsins, og flest þeirra muni líklega koma til dómstólanna á næsta ári.

Málin snúast flest um skilgreiningu á kröfu fyrirtækja og einstaklinga í þrotabú bankanna. Kröfurnar eru flokkaðar í forgangskröfur og almennar kröfur, og ákveða slitastjórnir bankanna í hvorn flokkinn kröfur falla.

Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi í flestum tilvikum, þar sem búast má við að lítið sem ekkert fáist upp í almennar kröfur, en mun meira upp í forgangskröfur.

„Þetta verður gríðarlegur fjöldi mála, en einhver af þessum málum eru auðvitað keimlík," segir Símon. Þannig gæti úrlausn á einu máli haft fordæmisgildi fyrir önnur sambærileg mál.

Símon segir fjölda þessarar tegundar ágreiningsmála valda stjórnendum héraðsdómstólanna talsverðum áhyggjum. Hann segir að þær áhyggjur minnki ekki þegar haft sé í huga að á sama tíma sé einnig von á því að mál frá embætti sérstaks saksóknara fari að streyma til dómstólanna. Tvö mál frá embættinu hafa þegar borist dómstólunum. Símon segir að búast megi við því að öll mál sem frá sérstökum saksóknara komi verði stór og tímafrek fyrir dómstólana, jafnvel umfangsmeiri en nokkur mál sem áður hafi komið til kasta íslenskra dómstóla.

Nær öll mál sem tengjast hruninu, hvort sem það eru mál frá sérstökum saksóknara eða ágreiningur vegna gjaldþrotamála, munu rata til Héraðsdóms Reykjavíkur. Símon segir þegar byrjað að fjölga dómurum við dómstólinn og búast megi við frekari fjölgun. Hann segir að skilningur sé á því hjá stjórnvöldum að því mikla fé sem ráðstafað hafi verið til sérstaks saksóknara sé illa varið ef þau dagi uppi hjá dómstólum sökum fjárskorts þar. - bj






**BLÁTT, HVÍTT, RAUTT OG GULT** Þing Norðurlandaráðs hefst í Reykjavík í dag. Um sjö hundruð manns komu til landsins vegna þingsins, sem er hið sextugasta og annað í röðinni. sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eitt fyrsta verkefni landsdóms:

## Þarf að velja á milli hjónanna

**LANDSDÓMUR Búist er við að ákæra á hendur Geir H. Haarde verði lögð fram til þingfestingar fyrir landsdómi öðru hvoru megin við áramót.**

**Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari og Helgi Magnús Gunnarsson varasaksóknari eru þessa dagana að koma sér fyrir á nýrri skrifstofu.**

**Eitt af fyrstu verkefnum dómsins sjálfs verður að ákveða hvort Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti, eða Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari taki sæti í landsdómi. Þau eru hjón en samkvæmt lögum mega hjón ekki sitja í dóminum.**

**Enn er ófrágengið hvar dómurinn mun starfa, en helst er horft til Þjóðmenningarhússins við Hverfisgötu.** - bj, sh / sjá síðu 4

Styttist í að niðurstaða fáist um kostnað vegna aðgerða fyrir skuldug heimili:

# Verður kynnt á næstu dögum

**EFNAHAGSMÁL** Stefnt er að því að kynna niðurstöður sérfræðingahóps stjórnvalda sem reiknar nú út kostnað við mögulegar aðgerðir stjórnvalda fyrir skuldug heimili í þessari viku.

„Við erum farin að sjá fyrir endann á þessu," segir Sigurður Snævarr, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra og formaður hópsins. Í þessum starfshópi sitja fulltrúar stjórnvalda, lánveitenda og lánþega.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er lögð mikil áhersla á að kynna niðurstöðurnar fyrir forsætisráðherra áður en þing kemur saman á fimmtudag. Vinna starfshópsins hefur tekið lengri tíma en búist hafði verið við. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins koma tafirnar til af því að erfiðlega hefur gengið að fá gögn sem lögð verða til grundvallar útreikningunum.

Sigurður segir að engar leiðir hafi verið slegnar út af borðunum. - bj










Eðlilegt að stuðningur við stjórnvöld taki dýfu í kreppu, segir fjármálaráðherra:

# Þriðjungur landsmanna styður stjórnina

**STJÓRNMÁL** „Þau stjórnvöld sem fara af hjörunum yfir því að mælast lágt í miðjum erfiðleikum eru ekki vandanum vaxin,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður Vinstri grænna.

Ríkisstjórnin mælist með þrjátíu prósenta fylgi í nýrri könnun Gallup á fylgi stjórnmálaflokkanna. Í síðasta mánuði mældist ríkisstjórnin með fjórutíu prósenta fylgi.

Stjórnarflokkarnir mælast með átján prósent hvor. Til samanburðar voru Vinstri græn með 21,7 prósenta fylgi í síðustu kosningum í fyrravor og tuttugu prósent í síðustu könnun fyrir mánuði.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Fylgið hrundi hins vegar hjá Samfylkingunni, sem fór úr þrjátíu prósenta kjörfylgi. Ríkisútvarpið sagði í gærkvöldi fylgi flokksins ekki hafa mælst minna í níu ár, síðan í nóvember 2001.

Sjálfstæðisflokkur og Hreyfingin bæta við sig yrði kosið nú en Framsókn tapar tveimur prósentustigum frá síðustu kosningum, samkvæmt könnun Gallup.

„Það er eðlilegt að stjórnarflokkarnir taki dýfu. Þetta hefur verið erfiður mánuður,“ segir Steingrímur og bendir á að víða í þeim löndum sem glími við erfiðleika njóti stjórnvöld lítils stuðnings. **- jab**






**ÞORVALDUR LÚÐVÍK** Forstjóri Saga Fjárfestingarbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nafnabreyting í fjármálageira:

## Breyta um nafn á Saga Capital

**VIÐSKIPTI** Nafni Saga Capital Fjárfestingarbanka hefur verið breytt og mun bankinn eftirleiðis heita Saga Fjárfestingarbanki. Nafnabreytingin var tilkynnt á starfsmannafundi bankans í gær. Þá hefur starfsstöð bankans í Reykjavík verið flutt úr burstabænum Þóroddsstöðum í nágrenni Öskjuhlíðar upp á fjórtándu hæð í turninum við Höfðatorg.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri bankans, sagði að þrátt fyrir breytinguna og hræringar í fjármálageiranum hér síðastliðin tvö ár hefði Saga Fjárfestingarbanki ætíð starfað á sömu kennitölu. **- jab**

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, geta hinir ekki bara slaufað sinni framleiðslu?*

„Ætli þeir séu ekki of trénaðir til þess.“

Guðmundur Jón Stefánsson húsgagnasmíðameistari smíðar þverslaufur úr tré.

Læknaflótti frá Íslandi:

## Hundrað læknar af landi brott

**HEILBRIGÐISMÁL Læknum á Íslandi hefur fækkað um 100 síðustu tvö árin, segir Þorbjörn Jónsson, formaður læknaráðs Landspítalans. Það eru um tíu prósent allra starfandi lækna á Íslandi. Þetta kom fram í samtali við Þorbjörn í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni í gær.**



ÞORBJÖRN JÓNSSON

**Þorbjörn segir að læknastéttin standi frammi fyrir þríþættu vandamáli. „Hluti af yngri sérfræðilæknum tekur sig upp og flyst út. Unglæknar staldra skemur við. Og svo eru það læknar sem hafa lokið sérnámi og eru búsettir erlendis, virðast ekki vera tilbúnir til þess að sækja um stöður og flytja til Íslands,“ segir Þorbjörn.** **- jhh**

Ásókn í leigu á Lækjartorgi:

## 11 vilja í turninn á torginu

**REYKJAVÍK** Ellefu aðilar gerðu tilboð í leigu á turninum á Lækjartorgi. Tilboðin voru opnuð í gærmorgun hjá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Eins og fram hefur komið var turninn fluttur á Lækjartorg í sumar eftir að hafa verið geymdur annars staðar um skeið.

„Ég fagna því að turninn sé kominn á sinn gamla stað. Hann er til prýði á torginu og mun örugglega vekja upp minningar í hugum margra borgarbúa,“ sagði Jón Gnarr borgarstjóri þegar ákveðið var að færa turninn aftur á Lækjartorg.

Ákveðið hefur verið að þegar væntanlegur leigutaki verði valinn verði horft til þess að starfsemin bæti við framboð í miðborginni og gæði hana þannig meira lífi. **- jhh**

# Brýnt að bæta stöðu aldraðra hér á landi

**Norðurlandaráðsþing verður sett í dag á Grand Hóteli. 35 erlendir ráðherrar eru staddir hér á landi. Formaður velferðarráðs segir eitt af brýnustu málunum að bæta aðstöðu aldraðra hér á landi. Þingið kostar landið um 40 milljónir.**

**NORÐURLÖND** Þing Norðurlandaráðs verður sett í dag klukkan 14.30 á Grand Hóteli í Reykjavík. Alls eru 35 erlendir ráðherrar nú staddir hér á landi til þess að sitja þingið ásamt um 600 fjölmörgum embættismönnum og almennum starfsmönnum.

Siv Friðleifsdóttir, formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs, segir eitt af mikilvægustu málunum vera aðstæður aldraðra og hvernig hægt sé að bæta þær hér á landi.

Um fimmtíu prósenta líkur eru á því að stúlkubarn sem fæðist í dag hér á landi nái hundrað ára aldri. Frá árinu 1950 hefur fjöldi þeirra sem ná 80 ára aldri fjórfaldast og segir Siv að Ísland standi ekki eins vel að vígi í heimahlynningu þeirra miðað við hin Norðurlöndin.

„Við erum að þjónusta í of miklum mæli inni á hjúkrunarheimilum,“ segir Siv. „Á Íslandi eru næstflest rými fyrir 65 ára og eldri, þau eru flest í Svíþjóð, og meðallegutími á hjúkrunarheimilum á Íslandi eru 3,3 ár. Á hinum Norðurlöndunum er meðallegutími á hjúkrunarheimilum tvö ár. Þetta er gríðarlegur munur.“

Siv segir þetta sýna að Íslendingar þjónusti fólk of lítið heima við og fólk fari of snemma inn á hjúkrunarheimili.

„Það er búið að reikna út að eitt hjúkrunarheimili kostar 7,8 milljónir hér á Íslandi. Þú getur þjónustað manneskju heima með 25 skiptum á viku fyrir sama pening, fyrir heimahjúkrun, eða þrisvar sinnum á dag,“ segir Siv. „Allar samanburðartölur við Norðurlöndin sýna okkur svart á hvítu að við verðum að stórauka þjónustuna heima. Það er ekki eldri borgurum í hag að fara of snemma inn á hjúkrunarheimili.“

Norðurlandaráðsþingið stendur fram á fimmtudagskvöld. Kostnaður Íslands við það er um 40 milljónir króna, en það er sama upphæð og fyrir fimm árum þegar Norðurlandaráðsþingið var síðast haldið hér á landi.

Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, segir afar mikilvægt að efla samstarf Norðurlandanna enn frekar og bendir á að tillögur Gunnars Wetterberg um Sambandsríki Norðurlandanna sé áhugaverð hugmynd sem vert sé að skoða.

**sunna@frettabladid.is**



**DAGSKRÁ ÞINGSINS KYNNT** Siv Friðleifsdóttir, formaður velferðarnefndar, Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, og Álfheiður Ingadóttir varaforseti kynntu dagskrá þingsins fyrir blaðamönnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Evrópuréttur

Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, segir þá umræðu að löndin fimm eigi að starfa meira saman hvað varðar Evrópu eiga mikið erindi inn á þingið. „Menn hafa tekið praktíska afstöðu til þessara mála, hvort sem löndin eru hluti af ESB eða ekki,“ segir Helgi. „Við erum í öllum löndum að innleiða Evrópurétt á fjölmörgum sviðum.“

Helgi segir það skipta höfuðmáli að Evrópuréttur verði innleiddur með svipuðum hætti í löndunum fimm, til þess að nýjar landamærahindranir eigi ekki eftir að myndast innan Norðurlandanna.

### REYKJAVÍK

**Gjald við Landspítala**

Bílastæði sem eru næst aðalinngangi bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi verða gjaldskyld frá og með deginum í dag. Þetta kemur fram á vef Landspítalans. Þar segir að markmið breytinganna sé að bæta aðgengi sjúklinga og aðstandenda að vel staðsettum skammtímastæðum.

### LÖGREGLUMÁL

**Óku of hratt á Flókagötu**

Brot 121 ökumanns voru mynduð á Flókagötu í Reykjavík á miðvikudag. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 233 ökutæki þessa akstursleið og því ók meirihluti ökumanna, eða 52 prósent, of hratt. Sextán óku á 50 km hraða eða meira en sá sem hraðast ók mældist á 57.




Vatnavextir og skjálftavirkni í Grímsvötnum gætu boðað eldgos:

# Margt bendir til gosvirkni

**NÁTTÚRA** Nokkrar líkur eru taldar á eldgosi í Grímsvötnum á næstunni, að mati jarðeðlisfræðings.

Jökulhlaup hófst frá Grímsvötnum á sunnudag og var mikill vöxtur í Gígjukvísl í gær, en hlaup frá Grímsvötnum hafa áður komið af stað eldgosum. Það gerðist síðast árið 2004, en nú er vöxturinn í ánni hraðari en þá var. Því er talin full ástæða til árvekni.

Nokkur skjálftavirkni hefur verið í Grímsvötnum undanfarið og hafði Stöð 2 eftir Páli Einarssyni jarðeðlisfræðingi að skjálftavirkni undir jöklinum að þessu sinni væri ótrúlega lík því sem gerðist fyrir gosið árið 2004. Þá liðu fimm sólarhringar frá því að hlaup hófst þar til fór að gjósa.

Hlaupið hafði ekki valdið neinum skemmdum þegar blaðið fór í prentun, utan þess að háspennulína slitnaði þegar jaki sem barst með hlaupinu rakst í háspennumastur sem við árfarveginn.

Almannavarnir lýstu í gær yfir óvissustigi, sem er lægsta háskastig og felur í sér að hafin sé atburðarás sem gæti leitt til þess að öryggi fólks, umhverfis eða byggðar er ógnað. Samráð á milli almannavarna og þeirra stofnana sem málið varðar er aukið, sem og allt eftirlit. **- þj**



**VATNAVEXTIR** Atburðarás jökulhlaups í Gígjukvísl þykir minna um margt á aðdraganda eldgossins árið 2004. MYND/LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR





Höfðatorg 14. hæð, 105 Reykjavík • Hafnarstræti 53, 600 Akureyri • Sími 545 2600 • sagabanki@sagabanki.is • www.sagabanki.is

SAGA
FJÁRFESTINGARBANKI

## GENGIÐ 01.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,89 | 111,41 |
| Sterlingspund | 178,08 | 178,94 |
| Evra | 154,74 | 155,6 |
| Dönsk króna | 20,748 | 20,87 |
| Norsk króna | 18,981 | 19,093 |
| Sænsk króna | 16,66 | 16,758 |
| Japanskt jen | 1,3778 | 1,3858 |
| SDR | 174,89 | 175,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

206,1161

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Yfir 50 létust og næstum sjötíu særðust í átökum lögreglu og gíslatökumanna:

# Blóðbað í kirkju kristinna í Bagdad

**ÍRAK, AP** Sorg ríkti í samfélagi kristinna í Írak í gær. Hópur vopnaðra manna hafði kvöldið áður ráðist inn í kvöldmessu í kirkju í Bagdad og tekið kirkjugestina í gíslingu.

Íraskar hersveitir réðust síðan inn í kirkjuna, svo úr varð blóðbað sem kostaði 52 manns lífið. Að auki særðust 67. Nánast enginn sem í kirkjunni var slapp ómeiddur.

Talið er að þetta sé mannskæðasta árás á kristna menn í sögu Íraks. Kristnum mönnum hefur fækkað mjög í landinu eftir innrás vestrænna herja árið 2003. Þeir hafa margir flúið til nágrannalandanna.

Árásarmennirnir eru sagðir tengjast hryðjuverkasamtökunum Al Kaída.

Atburðir sunnudagsins hófust þegar nokkrir menn, vopnaðir sprengjum, réðust á kauphöllina í Bagdad, sem er til húsa skammt frá kirkjunni. Aðeins fáir særðust í þeirri árás, sem vekur grun um að hún hafi verið gerð til að beina athyglinni frá kirkjunni, sem hafi verið hið raunverulega skotmark árásarinnar. - gb



**EYÐILEGGING** Fyrir utan kirkjuna í Bagdad. NORDICPHOTOS/AFP

Gerði sig líklegan til að flýja:

# 15 ára stal bíl foreldra sinna

**LÖGREGLUMÁL Lögregla stöðvaði í fyrrinótt för fimmtán ára pilts sem hafði stolið bíl foreldra sinna og boðið vini sínum í bíltúr. Vart þarf að taka fram að pilturinn hafði ekki öðlast ökuréttindi.**

**Lögregla varð bílsins vör á Kaldárselsvegi við Hafnarfjörð undir morgun og gaf stöðvunarmerki. Pilturinn sinnti því ekki heldur gerði sig líklegan til að stinga af. Lögreglu tókst að stöðva hann eftir skamma eftirför. Foreldrar piltsins voru kvaddir til og sóttu þeir hann. - sh**



**DILMA ROUSSEFF** Fyrsta konan kosin forseti Brasilíu. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningar í Brasilíu:

# Rousseff tekur við af da Silva

**BRASILÍA, AP Dilma Rousseff var kosin forseti Brasilíu á sunnudag. Hún er fyrsta konan sem kosin er forseti þar í landi, og tekur hún við af hinum vinsæla Luiz Inacio Lula da Silva, sem ekki gaf kost á sér en studdi Rousseff.**

**Hún er vinstrimanneskja eins og Lula; sat í fangelsi í þrjú ár fyrir þátttöku í baráttu marxista gegn einræðisstjórn landsins á áttunda áratugnum.**

**Mótframbjóðandinn, Jose Serra, tapaði kosningunum með 44 prósentum atkvæða gegn 56 prósentum. - gb**

## LEIÐRÉTTING

Rangt nafn birtist með forsíðumynd Fréttablaðsins í gær. Á myndinni með Þór Magnússyni, fyrrverandi þjóðminjaverði, var Dóra Jónsdóttir gullsmiður.

# Ákært um eða eftir áramót

**Saksóknari Alþingis er að koma sér fyrir í sama húsi og sérstakur saksóknari. Þjóðmenningarhúsið kemur helst til greina fyrir þinghald Landsdóms. Rætt hefur verið hvernig megi auka aðgengi að þinghaldinu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig gengur undirbúningur landsdómsréttarhaldanna?

Ekki er útlit fyrir að landsdómur komi saman vegna ákæru á hendur Geir H. Haarde fyrr en í kringum áramót. Undirbúningur er nú í gangi, bæði hjá saksóknara Alþingis og á skrifstofum Hæstaréttar.

Ólíklegt er að dómurinn muni koma saman fyrr en þegar saksóknari leggur ákæruna fram til þingfestingar fyrir dómnum. Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri Hæstaréttar, býst ekki við að það verði fyrr en á nýju ári.

„Það er lítið að frétta og verður lítið þangað til undir áramót, býst ég við,“ segir Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis.

Sigríður er nú í óða önn að undirbúa vinnu næstu mánaða og var stödd í húsgagnaverslun að velja sér stól fyrir nýju skrifstofuna þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær. Skrifstofan er í sama húsi og embætti Sérstaks saksóknara við Skúlagötu – þó í öðru, aðskildu rými.

„Ég er óþolinmóð að fara að vinna að þessu á fullu og vera ekki að vafstra bara í praktískum málum, en það þarf víst að gera það líka,“ segir Sigríður. Henni hafi þó þegar gefist færi á að glugga í gögn tengd málinu.

Sigríði til halds og trausts verður Helgi Magnús Gunnarsson, varasaksóknari Alþingis. Hún gerir ráð fyrir að þau verði tvö til að byrja með. „En svo reikna ég með því að fá einn til tvo starfsmenn síðar meir, hugsanlega einn lögfræðing til viðbótar og skrifstofumann.“

Enn á eftir að ákveða hvar réttað verður yfir Geir, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Þjóðmenningarhúsið helst verið til skoðunar. Þorsteinn vill ekkert segja um málið að svo stöddu, né hvaða skilyrði húsnæðið þarf að uppfylla.

Réttarhöldin verða einstök í sögu landsins og varða almenning miklu. Því vaknar sú spurning hvort reynt verði með einhverjum hætti að tryggja aukið aðgengi fólks að því sem fram fer í réttarsalnum. „Það hefur verið rætt óformlega en engar ákvarðanir verið teknar,“ segir Þorsteinn.

Sigríður segir það dómsins að ákveða en bendir á að um réttarhöldin gildi almennar reglur um meðferð sakamála. „Þetta er þinghald, ekki sýning. Það komast margir fyrir inni í Þjóðmenningarhúsinu og það má gera ráð fyrir að fjölmiðlar flytji af þessu fréttir,“ segir hún. Ólíklegt sé að sýnt verði frá þinghaldinu í beinni útsendingu.



SIGRÍÐUR FRIÐJÓNSDÓTTIR

ÞORSTEINN JÓNSSON

**stigur@frettabladid.is**
**brjann@frettabladid.is**

## Landsdómur þarf að velja á milli hjóna

Ákveðið hefur verið innan Háskóla Íslands að Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti, muni taka sæti í landsdómi. Það veldur því að annað hvort hún eða Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari og eiginmaður Bjargar, verður að víkja úr sæti dómara þegar landsdómur kemur saman, þar sem hjón mega ekki sitja í dóminum.



**BJÖRG THORARENSEN**



**MARKÚS SIGURBJÖRNSSON**

Björg segir að ekki liggi fyrir hvort þeirra muni á endanum sitja í dóminum. Landsdómur muni taka afstöðu til þess, enda varla þeirra hjóna að ákveða sín á milli hvort þeirra taki sæti.

Í lögum um landsdóm segir að í honum skuli sitja þeir fimm hæstaréttardómarar sem lengstan starfsaldur hafi og átta menn kjörnir af Alþingi. Þá eiga að sitja í dóminum dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur og prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands.

Eiríkur Tómasson lagaprófessor var þar til nýlega titlaður prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, en með nýlegri breytingu á starfsskyldum hans varð breyting á. Eftir það kom aðeins Björg til greina til setu í dóminum fyrir hönd Háskóla Íslands. Varamaður Bjargar er Benedikt Bogason, dósent við lagadeild Háskóla Íslands og héraðsdómari.

Taki Markús ekki sæti í landsdómi verður einhver af þeim fjórum hæstaréttardómurum sem ekki eiga sæti í dóminum sökum starfsaldurs kallaður til. Ólafur Börkur Þorvaldsson hefur lengsta starfsreynslu þeirra fjögurra. Jón Steinar Gunnlaugsson hefur næst lengsta starfsreynslu, en þess ber að geta að Geir H. Haarde, sem ákæra á fyrir landsdómi, var settur dómsmálaráðherra þegar hann var skipaður í embætti hæstaréttardómara.

Páll Hreinsson hæstaréttardómari kemur ekki til greina til setu í landsdómi þar sem hann sat í rannsóknarnefnd Alþingis vegna bankahrunsins. Fjórði og síðasti dómarinn er Viðar Már Matthíasson, sem skipaður var dómari frá 10. september 2010, en hafði áður verið varadómari í forföllum Páls Hreinssonar.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HVASST** Búist er við stormi á Vestfjörðum og yst á Snæfellsnesi. Einnig verður allhvasst eða hvassviðri á vestanverðu landinu. Það lægir smám saman og á fimmtudaginn verður vindur orðinn nokkuð hægur víðast hvar. Hiti víða kringum frostmark.




**Á MORGUN** 5-10 m/s, hvassara NA-til.

**FIMMTUDAGUR** Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 14° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 10° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 7° |
| París | 14° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*



**prima** –í nýjum umbúðum

# Hvað á nú til bragðs að taka?

Eldri umbúðir




**Poppsalt** er einstaklega ljúffengt á poppkorn sem er poppað á gamla mátann og einnig til að bragðbæta örbylgjupopp. Best er að strá poppsalti yfir nýpoppað poppkorn.

**Húnagull** inniheldur húðað salt þannig að það dregur ekki safann úr kjötinu og því gott að láta kryddið liggja á nokkra stund fyrir eldun. Húnagull gefur gott bragð, blandað af pipar, hvítlauk og papriku. Gullin kryddblanda sem hentar frábærlega á allt kjöt.

**Þegar sólin sest í sæ við Húnaflóa glóa þar himinn og haf, því á nafnið Húnagull vel við krydd sem kemur frá Húnavatnssýslu.**




**prima** –í nýjum umbúðum

## KJÖRKASSINN



*Eiga stjórnvöld að setja aukið hlutfall fjármuna til rannsóknarstarfs í samkeppnissjóði?*

| | |
|---|---|
| Já | 36,6% |
| Nei | 63,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Finnst þér þú borða nógu hollan mat?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Aukin atvinnuþátttaka í Þýskalandi er í takt við bættar efnahagshorfur þar í landi:

# Atvinnuleysi mælist 7,5 prósent

**EFNAHAGSMÁL** Atvinnuleysi mælist nú 7,5 prósent í Þýskalandi, sem merkir að rúm 3,1 milljón manna er þar án atvinnu, samkvæmt upplýsingum hagstofu Evrópusambandsins.

Óendurskoðaðar tölur sem Ursula von der Leyen, vinnumálaráðherra Þýskalands, lak til fjölmiðla þar í landi á fimmtudag bentu til sjö prósenta atvinnuleysis. Slíkar tölur hafa ekki sést í Þýskalandi í átján ár, síðan árið 1992.

Þrátt fyrir það geta Þjóðverjar verið sáttir. Dregið hefur úr atvinnuleysi þar samfleytt í sextán mánuði og er það nú nokkuð undir meðalatvinnuleysi á evrusvæðinu. Þar mælist það 10,1 prósent og hefur aldrei verið meira.

Minnst er atvinnuleysið í suðausturhluta Þýskalands, sem áður tilheyrði Vestur-Þýskalandi, eða nálægt fjórum prósentum. Í fyrrverandi Austur-Þýskalandi er það hins vegar yfir tíu prósentum.

Financial Times hefur eftir þýskum sérfræðingum aukna atvinnuþátttöku haldast í hendur við bata efnahagslífsins í Þýskalandi. Þar er spáð 3,4 prósenta hagvexti á árinu. - jab



**MÁLIN RÆDD** Vinnumálaráðherrann Ursula von de Leyen lak tölum til fjölmiðla á miðvikudag sem bentu til mun minna atvinnuleysis en raunin varð. Hér ræðir hún við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aflaháir bátar á Vestfjörðum:

# 264 tonn veidd í frístundaveiðum

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Frístundaveiðibátar í krókaaflamarkskerfinu veiddu samtals 264 tonn á þessu ári, samkvæmt tölum Fiskistofu.

Um 200 bátar veiddu aflann, allt frá nokkrum kílóum upp í tæp 13 tonn.

Hvíldarklettur ehf. og Sumarbyggð hf. á Vestfjörðum voru aflahæst í frístundaveiðunum. Aflinn telst í krókaaflamarks.

Þá varð afli í sjóstangaveiðimótum 151 tonn í ár en hann er utan kvóta.

# Hægt að skapa 22.000 störf

**Sjálfstæðisflokkurinn leggur til víðtækar efnahagsaðgerðir fyrir heimilin, atvinnulífið og ríkissjóð. Draga ber skattahækkanir til baka, lækka greiðslubyrði, auka aflaheimildir og fara í stóriðjuframkvæmdir. Flokkurinn telur að þrátt fyrir skattalækkanir færi tillögurnar ríkissjóði betri afkomu en leið ríkisstjórnarinnar.**

**STJÓRNMÁL** Til þess að komast út úr kreppunni þurfum við að nýta auðlindirnar og vera með hvetjandi skattkerfi sem laðar hingað fjárfestingar.

Þetta sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, við kynningu á þingsályktunartillögu flokksins um „aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum“.

Ályktunin sem allur sextán manna þingflokkur Sjálfstæðisflokksins stendur að, verður lögð fram á þingi á fimmtudag.

Bjarni sagði margt í tillögunni kunnuglegt frá fyrri tillögu flokksins en nauðsynlegt væri að ítreka sumt af því sem áður hefði verið sagt. Ástandið hefði versnað, upphaflega hefði staðið til að samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn stæði fram á þetta haust. „En eins og allir sjá hefur gjörsamlega mistekist að skapa umhverfi fyrir ný störf, koma fjárfestingu af stað og það er mikil örvænting á heimilunum.“ Tillögur flokksins væru grundvöllur þess að hér yrði áfram verðmætasköpun og störfum tæki að fjölga á ný.

Bjarni rakti kostnaðinn við tillögur sjálfstæðismanna. Samandregið kostuðu skattaaðgerðirnar rúma 30 milljarða og áherslur í skólamálum kostuðu nokkra milljarða að auki. „Á kemur á móti sú fjölgun starfa sem við teljum að sé raunhæft að leggja upp með hér. Hún mun á móti bæta stöðu ríkissjóðs í kringum 36 milljarða á næsta ári og 33 milljarða 2012.“ Ráðstafanirnar færðu því ríkissjóði bata sem næmi um tveimur milljörðum umfram þann sem áform ríkisstjórnarinnar myndu færa.

Enn og aftur ítrekaði Bjarni þá skoðun Sjálfstæðisflokksins að við gætum hvorki skattlagt okkur út úr kreppunni né lokað fjárlagagatinu með niðurskurði einum saman.

Bjarni sagði mikilvægt að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Ekki ætti að vera vandkvæðum bundið að greiða úr vanda þeirra sem skulduðu milljarð eða minna og byggja á raunhæfum rekstraráætlunum. Að sama skapi væri ljóst að ekki yrði öllum fyrirtækjum bjargað, sum yrðu að fara á hausinn. bjorn@frettabladid.is



**LEIÐIN KYNNT** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, kynnti tillögu flokksins í efnahagsmálum í Valhöll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Leið Sjálfstæðisflokksins

**Heimilin**

- Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar verði dregnar til baka á næstu tveimur árum.
- Greiðsluaðlögunarúrræði verði einfölduð verulega og rýmkuð frá því sem nú er.
- Öllum sem þess óska standi til boða að lækka greiðslubyrði fasteignalána um allt að 50% næstu þrjú ár gegn lengri lánstíma.
- Þeir sem missa atvinnu eigi rétt á frystingu á greiðslum vegna húsnæðisskulda í allt að sex mánuði.
- Þeim sem misst hafa fasteignir sínar vegna mikillar skuldsetningar eða gjaldþrots verði gert kleift að endurleigja gegn hóflegri greiðslu sem endurspegli markaðsverð.

**Atvinnulífið**

- Þorskafli verði aukinn um 35 þúsund tonn.
- Horfið verði frá hugmyndum um fyrningarleið.
- Framkvæmdir við álver í Helguvík verði hafnar.
- Arðbærum framkvæmdaverkefnum verði komið af stað í samvinnu við lífeyrissjóðina og aðra fjármögnunaraðila.
- Stjórnvöld leiti í fullri alvöru leiða til að koma af stað orkufreku atvinnuverkefni að Bakka.
- Óhagkvæmir skattar sem letja verðmætasköpun verði afnumdir.
- Skattaafslættir vegna rannsókna og þróunarstarfs verði auknir enn frekar.
- Afsláttur frá tryggingargjaldi verði veittur fyrirtækjum sem sýnt geta fram á að störfum hafi fjölgað árin 2011 og 2012.
- Skattaafslættir vegna hlutafjárkaupa verði innleiddir á ný.
- Vörugjöld og verndartollar sem skekkja samkeppni og rýra hag almennings verði endurskoðaðir.
- Aðstoð verði veitt fólki sem hefur verið atvinnulaust í sex mánuði eða lengur og hefur áhuga á að hefja eigin rekstur.
- Aðilum vinnumarkaðar verði falin umsjón með málefnum atvinnulausra.
- Endurskipulagningu skulda fyrirtækja verði að fullu lokið fyrir 31. mars 2011.

**Ríkisreksturinn**

- Ríkissjóður verði rekinn hallalaust 2013. Við niðurskurð og sparnað verði tryggður jafn réttur allra til grunnþjónustu í heimabyggð.
- Hagræða þarf í grunn- og framhaldsskólum og byggja á aukinni hagkvæmni á háskólastiginu.
- Útrýma á fátæktargildrum í lífeyris- og bótakerfum og skerpa hvata til atvinnuþátttöku.
- Lífeyrisréttindakerfi opinberra starfsmanna verði samræmt almenna kerfinu.
- Heilbrigðiskerfið verði endurskipulagt með aukinni hagkvæmni, auknu svigrúmi fyrir starfsemi einkaaðila og í auknum mæli verði byggt á samkeppni.



**FRÁ HJALTEYRI** Selja á eða leigja út gömlu síldarverksmiðjuna á Hjalteyri samkvæmt hugmyndum sveitastjórnar í Hörgársveit. FRÉTTABLAÐIÐ/VERA

Breytingar á Hjalteyri:

# Síldarverksmiðjan seld eða leigð

**HJALTEYRI** Gamla síldarverksmiðjan á Hjalteyri við Eyjafjörð verður seld eða leigð út, ef tillögur sveitarstjórnar Hörgársveitar ná fram að ganga. Listafólk hefur meðal annarra haft aðstöðu í verksmiðjunni undanfarin tvö ár. Þetta kemur fram á nordurlandid.is.

Verksmiðjan var með afkastamestu síldarvinnslum Evrópu þegar hún var byggð 1937. Seint á 7. áratugnum lagðist vinnsla af í verksmiðjunni, sem er um 7.000 fermetrar að stærð. Aðeins hefur ríflega helmingur húsanna verið nýttur undanfarin ár og vill sveitarstjórnin auka nýtingu þeirra.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Réðist á leigubíl

Lögregla handtók í fyrrinótt ölóðan mann sem hafði skeytt skapi sínu á leigubíl. Maðurinn sparkaði ítrekað í leigubílinn svo skemmdir hlutust af en stökk á flótta þegar vitni að aðförunum ætluðu að skerast í leikinn. Hann féll fljótlega í götuna og var hirtur upp af lögreglu. Hann svaf síðan úr sér vímuna í fangaklefa.


# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*




10,3%
ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

100% afsláttur af viðskiptaþóknun til 12. nóvember 2010

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri I Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 I www.iv.is I iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 31.09.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

VISA
Sértilboð til korthafa VISA!




**Ótrúlegt sértilboð til korthafa VISA!**
20.000 kr. afsláttur á mann á öllum gististöðum!

VISA

## Vetrarævintýri á

# Kanarí & Tenerife

Heimsferðir, í samstarfi við Valitor, bjóða VISA korthöfum frábært tilboð til tveggja vinsælustu vetraráfangastaða Íslendinga, Kanaríeyjanna Tenerife og Gran Canaria. Um er að ræða tvær ferðir til Tenerife, 27. nóvember í 15 nætur* (ath. í heimflugi 12. des. er millilent í London) og 11. desember í 10 nætur** (ath. í útfluginu 11. des. er millilent á Gran Canaria) og eina ferð til Gran Canaria (Kanarí), 11. desember í 10 nætur.

Um mjög takmarkaðan fjölda flugsæta er að ræða í hverja ferð og gisting er einnig takmörkuð. Sértilboðið felur í sér sérstakan 20.000 kr. afslátt á mann til handhafa VISA korthafa og er bundið við að greitt sé með viðkomandi korti. **Sértilboðsverðið er háð því að ferð sé að fullu greidd með VISA greiðslukorti.**

Hér gildir að fyrstur kemur, fyrstur fær!

* Ath. í heimflugi 12. des. er millilent í London
** Ath. í útfluginu 11. des. er millilent á Gran Canaria

**Tryggðu þér sæti strax á þessum kjörum!**



## Tenerife

**27. nóv. – 15 nátta ferð**
**11. des. – 10 nátta ferð**

kr.119.080 – íbúðir (m.v. 2 saman)
**Compostela Beach - íbúðir (m.v. 2 saman)**
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð 11. des. VISA sértilboð í 10 nætur.

kr.139.380 – með "öllu inniföldu"
**Villa Tagoro - íbúðir (m.v. 2 saman)**
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð með "öllu inniföldu" 11. des. VISA sértilboð í 10 nætur.

kr. 124.580 – með hálfu fæði
**Hotel Jacaranda **** (m.v. 2 saman)**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði 11. des. VISA sértilboð í 10 nætur. Aukalega fyrir "allt innifalið" kr. 19.800.

Beint flug með Icelandair



## Kanarí

**11. des. – 10 nátta ferð**

kr. 99.980
**Los Tilos - íbúðir (m.v. 2 saman)**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð. VISA sértilboð 11. des. í 10 nætur.

kr.124.580 – með „öllu inniföldu"
**Jardin Atlantico - íbúðir (m.v. 2 saman)**
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð með „öllu inniföldu". VISA sértilboð 11. des. í 10 nætur.

kr.154.280 - með "öllu inniföldu"
**Hotel Eugenia Victoria ***+ (m.v. 2 saman)**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli 11. des. VISA sértilboð í 10 nætur.

Ferðaskrifstofa

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA / NM44151

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Með hvaða liði leika knattspyrnukonurnar Edda Garðarsdóttir og Ólína Viðarsdóttir?*
2. *Við hvaða starfi tekur Dilma Rousseff á næstunni?*
3. *Hver er sambýlismaður Ásdísar Guðmundsdóttur fimleikakonu?*

**SVÖR**

**1.** *Örebro.* **2.** *Forseta Brasilíu.* **3.** *Kári Árselsson.*

Fosshótel hafa áhuga á að endurbyggja hið gamla Hótel Akureyri:

# Vilja hótel í Hafnarstræti á ný

**SKIPULAGSMÁL** Fosshótel hafa áhuga á því að starfrækja hótel á ný í Hafnarstræti 98 á Akureyri, gamla Hótel Akureyri. Fyrirtækið hefur skoðað málið með byggingafyrirtæki og eigendum hússins, Saga fjárfestingabanka og KEA, að undanförnu.

Hugmyndin er að gera gamla húsið upp í upprunalegri mynd og byggja 62 herbergja hótel með nýtingu byggingaréttar fyrir aftan húsið. Gert er ráð fyrir að húsið verði tveimur hæðum hærra en núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Heildarkostnaður við að gera upp gamla húsið og reisa viðbygginguna fyrir aftan það er áætlaður allt að 700 milljónir króna. Ólafur Torfason, aðaleigandi Fosshótela, segir í samtali við Vikudag á Akureyri að 30 til 40 störf myndu skapast á framkvæmdatímanum og svo 20 til 30 við rekstur hótelsins. Hugmyndirnar hafa verið kynntar fyrir bæjaryfirvöldum.

Húsið hefur lengi staðið autt og stóð til að rífa það um tíma, þar til það var friðað í nóvember 2007. Saga fjárfestingabanki og KEA keyptu það árið 2008 með það að markmiði að gera það upp. **- þeb**



**HAFNARSTRÆTI 98** Húsið hefur að mestu leyti staðið autt undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRUNN

Fáar doktorsgráður veittar:

## Afkastamiklir vísindamenn

**VÍSINDI Ísland var í 31. sæti af 33 þjóðum í Evrópu yfir veittar doktorsgráður á hverja milljón íbúa í innlendum háskólum árið 2007.**

**Íslenskir vísindamenn voru hins vegar í fjórða sæti yfir birtar greinar í alþjóðlegum vísindatímaritum á hverja milljón íbúa á árunum 2005 til 2009. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu sem danska vísindaráðuneytið gaf út á dögunum.**

**- mþl**



ALLT FYRIR VEIÐIMANNINN!
EXPRESS HAGLASKOT
36 g #3, #4, #5, 25 stk.
42 g #1, #3, #4, #5. Verð: **2.290** 25 stk.
RJÚPNAVESTI
**9.990** (fullt verð 11.990)
INTERSPORT
Bíldshöfða - Sími 585 7220 - OPIÐ ALLA DAGA




**Í HÁSKÓLABÍÓI** Michael Porter segir sjálfsvorkunnina of áberandi hér á landi, en nú sé kominn tími til að horfa fram á veginn. „Við getum ekki dvalið endalaust við kreppuna," sagði hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Jarðvarmageiri þarf umgjörð til að dafna

**Íslenskur jarðvarmageiri er smár í alþjóðlegum samanburði. Sérhæfð þjónusta og þekking er hins vegar verðmæt útflutningsafurð sem gæti orðið stoð aukins hagvaxtar sé hlúð að geiranum. Rætt var um jarðvarmaklasa á ráðstefnu í gær.**

**EFNAHAGSMÁL** „Tími er kominn til að ræða um framtíðina og láta af umræðu um orsakir kreppunnar," sagði prófessor Michael Porter á Iceland Geothermal jarðvarmaráðstefnunni sem fram fór í Háskólabíói í gær. Á henni var fjallað um klasamyndun í jarðvarmageira og hvernig hún gæti orðið grundvöllur aukins hagvaxtar.

Porter sem er prófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og einn helsti fræðimaður heims á sviði stefnumótunar og samkeppnishæfni þjóða, kynnti á ráðstefnunni í gær niðurstöður rannsóknar sem unnin hefur verið undir hans handleiðslu á íslenska jarðvarmaklasanum og hvernig efla megi uppbyggingu hans.

„Jarðvarmi og klasamyndun honum tengd er einn þeirra þátta sem ég tel geta hjálpað landinu," sagði Porter og áréttaði að þótt hlutir hafi farið aflaga og tafið þjóðina á leið til aukinnar samkeppnishæfni þá skipti öllu máli að komast nú aftur á rétt ról.

Porter gekk raunar svo langt að segja að Íslendingar mættu skammast sín tækist þeim ekki að skapa jarðvarmageiranum nauðsynlega umgjörð til þess að dafna, en hann kallaði eftir því að mynduð yrði stefna um klasamyndun hér. „Við getum aldrei orðið öllum allt," sagði hann, sérhæfing væri nauðsynleg. Hér væru þó allar aðstæður til að hagnýta meira en orkuna eina og flytja út tækniþjónustu og sérþekkingu þá sem hér hafi orðið til.

Porter benti á að orkugeirinn á Íslandi væri smár í alþjóðlegum samanburði og raunveruleg hætta væri á að Íslendingar misstu af lestinni í samkeppni við aðrar þjóðir og yrðu af mannauði væri ekki þegar í stað gripið til markvissra aðgerða til að styðja klasann. Því væri nauðsynlegt að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum og sníða af vankanta sem hamli geiranum. Til dæmis sé hamlandi hversu ráðandi opinber fyrirtæki séu í orkuframleiðslu, þótt í orði sé hún opin samkeppni.

Þá virðist landið, fyrir reglur Evrópska efnahagssvæðisins, opið erlendri fjárfestingu í líði fyrir skort á gagnsæi. Gjaldeyrishöft hamli og eins sé regluverk tengt fjárfestingum í jarðvarmaverkefnum íþyngjandi. „Umbætur til stuðnings jarðvarmaklasanum gagnast ekki honum einum heldur geta líka orðið fyrirmynd að því hvernig staðið er að viðskiptum á öðrum sviðum," sagði Michael Porter.

**olikr@frettabladid.is**


kostur
Spörum og njótum lífsins
Opið alla daga 10-20
Mjólk
á tilboði alla þriðjudaga

Nýmjólk & léttmjólk 1L
75 kr/stk
Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

LYFJA
– Lifið heil
Danatekt
Án parabena ilm- og litarefna
DANATEKT línan er krem, húðmjólk og hársápa fyrir alla fjölskylduna. Kremin næra þurra og viðkvæma húð og hlífa henni. Hársápan er svo mild að hana má nota á allan líkamann. Svansmerkið tryggir heilnæmi og gæði.

Nánari upplýsingar á www.portfarma.is
www.lyfja.is
Nýtt í Lyfju

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!
ÞVOTTA DAGAR
ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!
ORMSSON
ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG
530 2800 • VERSLANIR UM LAND ALLT
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# Sofi Oksanen áritar í Eymundsson Skólavörðustíg í dag kl. 17.00



Sofi Oksanen áritar bók sína *Hreinsun* sem hefur hlotið verðskuldaða athygli og fjölmörg virt verðlaun og viðurkenningar, nú síðast Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

*Hreinsun* er bókmenntaviðburður, margradda skáldsaga um reynslu fólks í Eistlandi undir hæl Sovétríkjanna. Jafnframt er frásögnin nærgöngul lýsing á tveimur konum sem eru ítrekað beygðar og niðurlægðar en rísa alltaf upp á ný.

„Hún hefur slíkar víddir þessi skáldsaga að það er ekki hægt annað en vera gríðarlega hrifinn af henni. Þetta er alger snilldarbók ... ofboðslega góð skáldsaga.“
*Egill Helgason / Kiljan*




**4.990 kr.**
~~5.490 kr.~~

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

**FRÉTTASKÝRING:** Þingkosningar í Bandaríkjunum

# Sjónir manna beinast að Nevada

**Demókratar í Bandaríkjunum hafa síðustu daga reynt að draga eftir því sem hægt er úr því tapi, sem þeirra bíður í þingkosningunum í dag. Magnús Sveinn Helgason segir mestu spennuna í kosningunum snúast um frambjóðendur Teboðshreyfingarinnar svonefndu.**

Skoðanakannanir í Bandaríkjunum spá demókrötum ekki góðum árangri í þingkosninunum, sem haldnar verða í dag. Þeir hafa haft öruggan meirihluta í báðum deildum þingsins, en nú virðist ætla að verða breyting þar á.

„Það er eiginlega gefið að þeir missi meirihlutann í fulltrúadeildinni,“ segir Magnús Sveinn Helgason, sérfræðingur í bandarískum stjórnmálum. „Það þarf eitthvað mjög merkilegt að gerast til að svo verði ekki. Það gerir enginn ráð fyrir því. Stóra spurningin snýst um það með hversu miklum mun demókratar tapa í fulltrúadeildinni, og hvort meirihluti repúblikana verður mjög naumur.“

„Eiginlega er engin spenna heldur um öldungadeildina,“ segir Magnús, „því allar líkur eru til að demókratar haldi meirihluta sínum þar. Það þarf eitthvað mjög skrýtið að gerast til að það verði ekki.“

### Mesta spennan

Magnús segir að mesta spennan í kosningunum snúist í kringum það hvernig Teboðshreyfingunni svonefndu vegnar, umdeildri grasrótarhreyfingu róttækra hægrimanna innan Repúblikanaflokksins sem hefur heldur betur hrist upp í kosningabaráttunni.

„Í því sambandi beinast sjónir manna einkum að Nevada, þar sem Sharron Angle býður sig fram gegn Harry Reid, leiðtoga meirihluta Demókrataflokksins í öldungadeild. Það er allt útlit fyrir að Angle vinni, en þó er ekki alveg útilokað að Reid haldi sætinu. Ef svo fer, að Angle tapar eða vinnur mjög nauman sigur þá munu það verða með áhugaverðustu niðurstöðum kosninganna, því í byrjun ársins leit út fyrir að Reid myndi tapa með gríðarlegum mun, því hann hefur ekki verið mjög vinsæll. Angle er hins vegar það róttæk að henni hefur tekist að reita fylgið af Repúblikanaflokknum, og tapi hún verður það túlkað sem mikill ósigur fyrir Teboðshreyfinguna.“

### Allt samkvæmt bókinni

Fyrir fram á það reyndar að koma fáum á óvart þótt demókratar tapi fylgi í þessum kosningum, sem eru fyrstu millikosningarnar eftir að Barack Obama var kosinn forseti fyrir tveimur árum.

„Það er nánast ófrávíkjanleg regla að flokkur sitjandi forseta tapar í millikosningum. Einnig er nánast gefið að sá flokkur, sem er við völd þegar efnahagsástandið er svona slæmt, tapar atkvæðum,“ segir Magnús.

„Fyrir utan þetta, þá er það líka nánast venjulegt ástand í Bandaríkjunum að flokkur forsetans sé ekki með meirihluta í báðum þingdeildunum. Og svo er eitt í viðbót, því demókratar unnu svo stóra sigra bæði 2006 og 2008 að þeir hafa verið með mörg sæti sem voru sögulega sæti Repúblikanaflokksins.“

### Illvígt þrátefli

Magnús segir ástandið í þinginu verða gjörbreytt fari svo, sem allt bendir til, að demókratar missi meirihluta sinn í fulltrúadeildinni.

„Þingið mun ekki starfa með forsetanum, svo það stefnir í tvö ár af þrátefli milli þings og forseta. Þetta verður ekki bara pattstaða, heldur má búast við illvígum átökum því Repúblikanaflokkurinn hefur beinlínis lýst því yfir að það sé helsta markmið hans á næstu tveimur árum að grafa undan forsetanum og koma í veg fyrir að hann nái endurkjöri eftir tvö ár.“

Þetta þýðir að Bandaríkjaforseti mun eiga erfitt með að koma lögum í gegnum þingið.

„Það má til dæmis gefa sér að næstu tvö árin verða ekki samþykktar neinar nýjar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,“ segir Magnús.

### Óljós framtíð

Ekki er gott að segja hvernig Teboðshreyfingunni reiðir af eða hvaða áhrif hún hefur á Repúblikanaflokkinn til frambúðar.

„Teboðshreyfingin er grasrótarbylting innan Repúblikanaflokksins og hann nýtur góðs af því. Hins vegar á eftir að sjá hvernig spilast úr þessu til lengri tíma litið. Þessi hreyfing er mjög róttæk og það gæti verið slæmt fyrir flokkinn að vera kominn of langt til hægri þegar efnahagsástandið batnar og óánægjufylgið minnkar.“



Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is





**ÖÐRU VÍSI KOSNINGASTEMNING** Fjölmennasti kosningafundur ársins var haldinn í Washington um helgina að frumkvæði sjónvarpsgrínistanna Jons Stewart og Stephens Colbert undir kjörorðinu: Endurreisum heilbrigði og/eða ótta. NORDICPHOTOS/AFP



**FORSETINN OG VARAFORSETINN** Barack Obama og Joe Biden mega búast við erfiðleikum við að koma lögum í gegnum þingið næstu tvö árin. NORDICPHOTOS/AFP

## Kosið á tveggja ára fresti

Bandaríkjamenn ganga til þingkosninga á tveggja ára fresti, jafnan fyrsta þriðjudaginn í nóvember, og er þá kosið um alla þingmenn fulltrúadeildar, en þeir eru alls 435, og þriðjung þingmanna öldungadeildar, eða 37 þetta árið. Forsetakosningar eru í Bandaríkjunum haldnar á fjögurra ára fresti þannig að í annað hvert skipti eru þingkosningar án forsetakosninga. Auk þess er efnt til ríkisstjórakosninga á hverju ári, og í ár eru þær haldnar í 39 ríkjum.

## Harry Reid í baráttu við teboðskonu

Harry Reid, leiðtogi demókrata í öldungadeild, gæti hæglega misst þingsæti sitt í kosningunum í dag. Hann er orðinn sjötugur og hefur setið á þingi fyrir Nevadafylki síðan 1983, fyrst í fulltrúadeildinni og síðan í öldungadeild frá 1987. Repúblikaninn og Teboðsframbjóðandinn Sharron Angle keppir við Reid um þingsætið og virðist ætla að velta honum úr sessi.






## Vefhýsing og lén - allt á sama stað

# VERÐLÆKKUN

**Vefhýsing 628 kr. á mánuði***

**Vefhýsing og .is lén 1.288 kr. á mánuði***

**Vefhýsing og .com lén 774 kr. á mánuði***

# Við stækkum pakkann!
# Pantaðu núna á **www.1984.is**

### Hýsingartilboð:*

| | |
|---|---|
| með .is léni | 1.288 kr. á mánuði |
| með .com léni | 774 kr. á mánuði |
| með .org léni | 764 kr. á mánuði |
| með .net léni | 774 kr. á mánuði |
| með .biz léni | 764 kr. á mánuði |
| með .info léni | 764 kr. á mánuði |
| með .name léni | 764 kr. á mánuði |
| með .me léni | 1.046 kr. á mánuði |
| með .bz léni | 957 kr. á mánuði |
| með .wz léni | 785 kr. á mánuði |
| með .cc léni | 934 kr. á mánuði |
| með .tv léni | 1.062 kr. á mánuði |
| með .mn léni | 1.287 kr. á mánuði |
| með .mobi léni | 914 kr. á mánuði |
| með .cn léni | 802 kr. á mánuði |
| með .in léni | 862 kr. á mánuði |

### Hýsing innifelur:

- Netföng: ótakmarkað
- Mysql gagnagrunnar: ótakmarkað
- Netumferð: ótakmarkað
- Aukalén og undirlén: ótakmarkað
- DNS þjónusta: ótakmarkaður lénafjöldi
- Diskpláss: 10.000 Megabæti
- Vefpósthús: Val um tvennskonar vefpósthús
- Tölfræði síðunnar
- FTP aðgangur
- PHP5
- IMAP og POP3 stuðningur
- DAGLEG AFRITUN GAGNA

- Engin uppsetningargjöld
- Engin falin útgjöld
- Engir platínum eða bronz pakkar
- Grunnpakkinn okkar inniheldur meira en stærstu pakkarnir hjá samkeppnisaðilunum.

*Miðað við 3ja ára hýsingarsamning

1984

– stóri bróðir hefur gætur á þér

P.o. Box 126 :: 121 Reykjavík :: Sími 546 1984 :: info@1984.is :: www.1984.is

# Hver listnemi kostar allt að þremur milljónum króna

**Ríkið greiðir á bilinu 731 þúsund til 2.995 þúsund krónur með hverjum ársnema í Listaháskóla Íslands. Árskostnaður við tannlæknanema er 2,2 milljónir en við hvern læknanema er kostnaðurinn 4 milljónir.**

**STJÓRNMÁL** Verja á samtals 9,4 milljörðum króna til kennslu í háskólum landsins á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Fjárframlög til hvers skóla um sig eru ákveðin út frá reiknilíkani þar sem tekið er tillit til kostnaðar við kennsluna.

Eins og sést í meðfylgjandi töflu eru verðflokkar náms á bilinu 474 til 2.226 þúsund krónur á ársnemanda. Listaháskólinn er ekki með í töflunni en í fjárlagafrumvarpinu segir að verð á ársnemanda í honum séu á bilinu 731 til 2.995 þúsund krónur.

Kostnaður við háskólanám ræðst af ýmsu, svo sem tækjabúnaði, þjálfun, æfingum og notkun sérhæfðs búnaðar.

Samkvæmt áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins munu 6.400 manns stunda nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og í öðrum sambærilegum greinum á næsta ári. 2.230 verða í kennaranámi og annar eins fjöldi í raunvísindanámi á borð við verk- og tæknifræði. 353 verða í listnámi, 350 í læknisfræði og 55 í tannlæknanámi.

bjorn@frettabladid.is



**AFRAKSTURINN** Frá útskriftarsýningu nemenda Listaháskólans árið 2007. Áætlað er að 353 stundi listnám við skólann á næsta ári og þrjátíu kennaranám. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

### Fjöldi nema við hvern skóla

**Áætlun samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2011.**

| | |
|---|---|
| Háskóli Íslands | 8.645 |
| Háskólinn á Akureyri | 1.300 |
| Háskólinn á Bifröst | 570 |
| Háskólinn í Reykjavík | 2.265 |
| Listaháskólinn | 383 |
| Landbúnaðarháskóli Íslands | 673 |
| Háskólinn á Hólum | 190 |
| **Samtals** | **14.026** |

### Verðflokkar náms eru á bilinu 474.000 til 2.224.000

| | |
|---|---|
| Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt. | 474.000 |
| Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt. | 672.000 |
| Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu. | 731.000 |
| Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga. | 842.000 |
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar. | 935.000 |
| Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun. | 1.371.000 |
| Nám í tannlækningum. | 2.224.000 |



**MEÐ ÚLF Í FANGINU** Dmitrí Sjamóvitsj er dýrafræðingur í Hvíta-Rússlandi. Hann rekur býli skammt frá bænum Sosnoví Bor þar sem hann er með tólf úlfa. NORDICPHOTOS/AFP

FÉLAGSMÁL

## Einstæðir foreldrar funda

Fundað verður um fyrirætlaða sölu á fasteign Félags einstæðra foreldra á fundi í félaginu fimmtudaginn 18. nóvember næstkomandi. Fundurinn hefst klukkan hálf átta og er í téðu húsnæði, að Skeljanesi 6.

SAMGÖNGUR

## 420 bílar um göngin

Um 420 bílar fóru að meðaltali á sólarhring um Héðinsfjarðargöngin dagana 14. til 26. október.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



**PIA KJAERSGAARD** Danski þjóðarflokkurinn er yst til hægri í dönskum stjórnmálum og ver minnihlutastjórn Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra falli.

Danski þjóðarflokkurinn:

## Vill banna arabískar stöðvar

**DANMÖRK Pia Kjaersgaard, leiðtogi danska þjóðarflokksins, vill að lokað verði fyrir arabískar sjónvarpsútsendingar í Danmörku. Hún segir sjónvarpsstöðvar á borð við fréttastöðina Al-Jazeera bera fram áróður gegn Vesturlöndum og standa í vegi fyrir því að múslimar í Danmörku aðlagist samfélaginu.**

**Tillaga Kjaersgaard hefur sætt gagnrýni frá öðrum stjórnmálaflokkum, sem segja hana stríða gegn málfrelsi. Stjórn sjónvarpsmála í Danmörku hefur þar að auki sagt að slík aðgerð sé ekki á sínu forræði þar sem stöðvarnar sendi ekki út frá Danmörku.** - mþl

Ný skýrsla vegna niðurskurðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða:

# Kynnir skýrsluna fyrir ráðuneyti

**HEILBRIGÐISMÁL** Nettósparnaður vegna niðurskurðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða yrði um 28 milljónir króna, samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir hönd grasrótarsamtakanna Heimavarnarliðsins. Skýrslan var unnin af Dóru Hlín Gísladóttur, verkfræðingi og talskonu Heimavarnarliðsins, og Kristni Hermannssyni hagfræðingi.

Heilbrigðisráðuneytið hefur skýrsluna undir höndum og hefur Dóra Hlín nú verið boðuð á fund í ráðuneytinu í dag.

„Þetta verður fræðslufundur og ég var beðin um að flytja þar erindi um skýrsluna,“ segir Dóra Hlín. „Það ríkir þarna gagnkvæmur skilningur.“

**28** Milljónir eiga að sparast með áætluðum niðurskurði.

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða hefur sett saman sparnaðartillögur sem ná yfir þessar 28 milljónir sem eiga að sparast með áætluðum niðurskurði. Þröstur Óskarsson framkvæmdastjóri segir að tillögurnar verði gerðar opinberar á næstunni. Þær séu nú á borði ráðuneytisins.



**DÓRA HLÍN GÍSLADÓTTIR**

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011 verða fjárheimildir Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða skornar niður um 185 milljónir króna, sem jafngildir rúmlega 20 prósenta samdrætti sé miðað við árið 2009. - sv

Bjarka H. Diego gert að greiða skatt af hlutabréfakaupum í Kaupþingi:

# Ríkið sýknað af kröfu Kaupþingsstjóra

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær ríkið af kröfu Bjarka H. Diego, fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá Kaupþingi. Bjarki höfðaði mál gegn Ríkisskattstjóra og krafðist þess að úrskurður hans um skattálagningu á söluréttarsamningum af hlutabréfum í Kaupþingi yrði ógiltur. Samningana gerði Bjarki þegar hann starfaði hjá Kaupþingi.

Bjarki fullyrðir að samningar sem hann gerði um kaup á hlutabréfum í bankanum séu í grundvallaratriðum ólíkir kaupréttarsamningum. Hann vísaði meðal annars til þess að stjórnendur bankans hefðu ætlast til að bréfin yrðu í hans eigu á meðan hann væri við störf hjá bankanum.

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, bar vitni í málinu í gegnum síma frá Lúxemborg. Hreiðar tók undir orð Bjarka um að ekki hafi verið ætlast til þess að hann, eða aðrir starfsmenn Kaupþings sem gerðu svipaða samninga, myndu selja bréfin.

Bjarki sagði að næði úrskurður Ríkisskattstjóra um endurákvörðun á skatti upp á 100 milljónir króna fram að ganga, sem og ákvörðun slitastjórnar Kaupþings um riftun á niðurfellingu persónulegra ábyrgða, yrði hann gjaldþrota. Enginn maður réði við þessar skuldbindingar. Málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar. - vg



**SKAÐVALDUR** Ný rannsókn segir áfengi skaðlegasta vímugjafann.

Rannsókn á vímugjöfum:

## Áfengi skaðar meira en heróín

**VÍSINDI Áfengi er skaðlegra en heróín og krakk. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem birtist í hinu virta læknatímariti The Lancet í gær, en þar ber hópur vísindamanna saman áhrif hinna ýmsu tegunda vímugjafa á neytandann sem og samfélagið í heild.**

**Samkvæmt rannsókninni eru neikvæð áhrif áfengisneyslu á samfélagið mun meiri en annarra vímugjafa.**

**Í niðurstöðum könnunarinnar er kallað eftir því að flokkun efna verði endurskoðuð og mun meiri kraftur settur í aðgerðir til að sporna við áfengisdrykkju.** - þj



„Næst ætla ég ekki að borga fyrir fríið eftir að við komum heim“

Það er ekki bara góð tilfinning að eiga fyrir því sem maður kaupir – það er líka ódýrara að safna og eiga fyrir hlutunum en að fá lánað fyrir þeim.

Með sparnaði í áskrift getur þú sett þér markmið, lagt fyrir í hverjum mánuði, safnað vöxtum og átt fyrir því sem þig langar að gera.

Fyrir hverju langar þig að safna með sparnaði í áskrift?

Byrjaðu að spara á islandsbanki.is




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gæti utanþingsstjórn leyst skuldavanda heimilanna og útrýmt atvinnuleysinu?

## Varla, því miður

Þingmenn Hreyfingarinnar og lausbeislaður hópur kenndur við tunnumótmæli, sem varaformaður Frjálslynda flokksins er í forsvari fyrir, hafa lagt til að mynduð verði utanþingsstjórn sem hafi það verkefni að leysa úr brýnustu vandamálum þjóðarinnar. Tunnumótmælendur segja þau mál vera skuldavanda heimilanna og vaxandi atvinnuleysi en Hreyfingin nefnir að auki að setja þurfi lágmarks framfærsluviðmið og ráðast í lýðræðisumbætur. Fjárlög eru líka á lista Hreyfingarinnar yfir verkefni utanþingsstjórnarinnar og báðar hreyfingar segja að endurskoða beri samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

SKOÐUN

**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is



Að baki hugmyndum um utanþingsstjórn búa draumar um að hægt sé að leysa úr öllum helsta vanda þjóðarinnar með töfrabrögðum. Því miður ríma slíkir draumar ekki við veruleikann. Auðvitað væri óskandi að hægt væri að segja hókus pókus, burt með atvinnuleysið og skuldir heimilanna. Hér skal fullyrt að væri það hægt hefði ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur þegar gripið til þess ráðs. Þó að margt megi segja um stjórnina getur enginn maður með góðu móti sagt að hún sé hlynnt atvinnuleysi og óyfirstíganlegum skuldum.

Hugmyndir Hreyfingarinnar og tunnufólksins ganga út á að færa stjórnmálin að hluta frá stjórnmálamönnunum og yfir til óskilgreinds hóps manna. Reyndar ekki alveg óskilgreinds því Hreyfingin vill að hann taki meðal annars mið af tillögum Hagsmunasamtaka heimilanna um lausn bráðavanda skuldsettra heimila. Hreyfingin leggur sem sagt utanþingsstjórninni verkefnið í hendur og ætlast þá til að í hana veljist fólk sem telur tillögur Hagsmunasamtakanna færar og er tilbúið að fara að þeim. Gagnlegt væri fyrir stjórnina að fá sambærilegar leiðbeiningar um hvernig ráðast eigi gegn atvinnuleysinu. Sama á við um samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hvað þýðir að það eigi að endurskoða? Á að breyta efnahagsáætluninni eða hætta samstarfinu? Og hvað meinar Hreyfingin þegar hún nefnir fjárlög sem verkefni utanþingsstjórnar?

Eins og áður sagði snúast tillögur um utanþingsstjórn að hluta til um flutning stjórnmálanna frá stjórnmálamönnunum. En aðeins að hluta. Löggjafarvaldið verður eftir sem áður í höndum Alþingis og 48. grein stjórnarskrárinnar, þar sem segir að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína, er í fullu gildi.

Ætlast Hreyfingin og varaformaður Frjálslynda flokksins til þess að Alþingi greiði atkvæði með frumvörpum utanþingsstjórnarinnar með bundið fyrir augun? Á þingið að fá formlega stöðu sem afgreiðslustofnun framkvæmdarvaldsins?

Tillögur um utanþingsstjórn eru ágætar til að sýna ímugust á ríkisstjórninni. En raunhæfar eru þær ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Náttúruleg vellíðan

ERTU MEÐ
VIÐKVÆMA HÚÐ?

Finnur þú fyrir þurrki í leggöngum, kláða, sveppasýkingu eða færðu sár við notkun dömubinda?
Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.



natracare
LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR
www.natracare.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Krísustjórnun

Það mæðir mikið á Þjóðkirkjunni. Kynferðisbrot og ásakanir um trúboð í skólum ber þar hæst. Upplýsingafulltrúi Biskupsstofu og upplýsingagefinn verkefnisstjóri hafa reynt að dempa höggið en gengið misjafnlega. Svo á kirkjan að skera niður eins og aðrar stofnanir en segist ekki eiga fyrir því. Þar að auki sé hún of mikilvæg til þess. Og hvað gera kirkjunnar menn þá? Jú, þeir eyða 900 þúsund krónum í að bæta ímynd sína með almannatengslaþjónustu.



### Í góðum félagsskap

Samtökin Vantrú voru að sjálfsögðu fyrst til að segja frá þessu í gær. Hvað eiga fyrirbærin Alcoa, Bændasamtökin, Fjarðaál og ríkiskirkjan sameiginlegt? spurðu þeir Vantrúuðu. Jú, þau eru öll í viðskiptum við KOM almannatengsl. Eins og reyndar fjöldi annarra fyrirtækja og samtaka.



### Grænn eða grár hagvöxtur

Norðurlandaráð fundar þessa dagana í Reykjavík. Umhverfisvernd, endurnýjanleg orka og sjálfbærni eru mönnum ofarlega í huga. Norðurlöndin virðast hafa komið sér saman um að svokallaður grænn hagvöxtur sé eina skynsamlega leiðin út úr kreppunni. Á nákvæmlega sama tíma kynnir Sjálfstæðisflokkurinn sína leið út úr kreppunni. Einna mikilvægustu vörðurnar á þeirri leið eru álver í Helguvík og álver á Bakka.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hlustum á raddir innflytjenda

Innflytjendamál

**Margrét Sverrisdóttir, Sigurjón Birgir Sigurðsson, Margrét Kristín Blöndal, Bjarni Jónsson, Björn Gíslason, Þórey Vilhjálmsdóttir, Elín Sigurðardóttir**
fulltrúar í Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg hefur þróast hratt í átt til fjölmenningarsamfélags á undanförnum árum. Í upphafi árs 2010 voru borgarbúar 118.326 talsins og af þeim voru 8,1 prósent, um 9.555, með erlent ríkisfang. Þá eru ekki taldir með þeir innflytjendur sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt.

Laugardaginn 6. nóvember fer fram fyrsta fjölmenningarþingið sem haldið er af Reykjavíkurborg. Þar mun fólk af erlendum uppruna, búsett í Reykjavík, fá tækifæri til að koma skoðunum sínum um þjónustu borgarinnar á framfæri. Þingið fer fram í Borgarleikhúsinu frá kl. 10 til 14. Markmiðið með þinginu er að bæta þjónustu Reykjavíkurborgar við innflytjendur en með fjölbreytilegri mannlífsflóru liggur í hlutarins eðli að krafan um þjónustu tekur breytingum. Með fjölmenningarþinginu vonast borgin til að geta mætt þörfum nýrra íbúa borgarinnar betur með því að hlusta á þær raddir sem þar koma fram.

Það er stjórn borgarinnar mikilvægt að heyra raddir íbúa til að geta mótað þjónustuna með því að taka tillit til mismunandi þarfa þeirra. Krafan um þjónustu getur verið ólík frá fólki með mismunandi menningarbakgrunn en markmið borgarinnar er að allir borgarbúar njóti sem bestrar þjónustu burt séð frá uppruna þeirra.

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að tryggt skuli að innflytjendur og fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu borgarinnar. Þá skal tekið mið af þörfum innflytjenda þegar þjónusta á vegum borgarinnar er skipulögð og stofnunum borgarinnar ber að búa til aðgengilegt og auðskilið upplýsingaefni um þjónustu borgarinnar á tungumálum þeirra hópa sem fjölmennastir eru í Reykjavík. Loks er kveðið á um í mannréttindastefnunni að starfsfólk borgarinnar skuli leggja sig fram um að skapa andrúmsloft sem sé laust við fordóma í garð einstaklinga vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns.

Á fjölmenningarþinginu verður kosið í fyrsta fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar en tilgangur ráðsins er að vera ráðgefandi fyrir mannréttindaráð og stofnanir borgarinnar í málefnum innflytjenda. Allir sem eru eldri en 18 ára, búa í Reykjavík og eru af erlendum uppruna geta boðið sig fram til ráðsins en það verður skipað fimm fulltrúum og tveimur varamönnum.

Það er von mannréttindaráðs að sem flestir innflytjendur sjái sér fært að mæta á fjölmenningarþingið og það verði vettvangur uppbyggilegra skoðanaskipta til að bæta þjónustu borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Svik við málstaðinn?

Í DAG
Sverrir Jakobsson
Sagnfræðingur



Í kjölfar seinustu alþingiskosninga vorið 2009 mynduðu Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð nýja ríkisstjórn með endurnýjuðum stjórnarsáttmála. Stjórnin gaf út samstarfsyfirlýsingu þar sem stefna hennar í helstu málaflokkum var tíunduð. Á grundvelli hennar endurnýjuðu flokkarnir samstarf sitt. Samstarfsyfirlýsingin var síðan samþykkt í flokksstjórn Samfylkingarinnar „með öllum greiddum atkvæðum“ en í flokksráði vinstrigrænna með „þorra atkvæða“.

Meðal þeirra sem samþykktu stjórnarsamstarf á grundvelli samstarfsyfirlýsingarinnar voru ýmsir þeir sem afhentu undirskriftalista á málþingi vinstri grænna helgina 24.-25. október þar sem skorað er á forystu flokksins „að fylgja stefnu flokksins“ varðandi aðild að Evrópusambandinu. Þetta óljósa orðalag kallar á nokkrar vangaveltur þar sem ekki er tekið fram hvað þarf að gera til að þessi hópur telji stefnu flokksins fylgt.

Hér er nauðsynlegt að rifja upp hvað segir í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um þetta mál, en á grundvelli hennar kaus þorri trúnaðarmanna VG – sem vel má kalla „grasrót“ flokksins, ef það hugtak hefur enn eitthvert gildi – að styðja áframhaldandi aðild flokksins að ríkisstjórn:

„Ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði í höndum íslensku þjóðarinnar sem mun greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum aðildarviðræðum. Utanríkisráðherra mun leggja fram á Alþingi tillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu á vorþingi. Stuðningur stjórnvalda við samninginn þegar hann liggur fyrir er háður ýmsum fyrirvörum um niðurstöðuna út frá hagsmunum Íslendinga í sjávarútvegs-, landbúnaðar-, byggða- og gjaldmiðilsmálum, í umhverfis- og auðlindamálum og um almannaþjónustu. Víðtækt samráð verður á vettvangi Alþingis og við hagsmunaaðila um samningsmarkmið og umræðugrundvöll viðræðnanna. Flokkarnir eru sammála um að virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu og rétt þeirra til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína og fyrirvara um samningsniðurstöðuna líkt og var í Noregi á sínum tíma.“

Þetta er sú málsmeðferð sem ríkisstjórnin fylgdi í kjölfarið og er enn þá viðhöfð. Hún er núna kölluð „aðlögunarferli“ og er það ekki óeðlilegt þar sem Ísland hefur beinlínis sótt um aðild að Evrópusambandinu. Þetta aðlögunarferli er hins vegar ekki nýtt verða hundraðmenningar að svara hreinskilnislega, ef ekki sameiginlega þá hver fyrir sig. Forystumenn VG eru jafnbundnir af þeirri samþykkt flokksins, að ganga til stjórnarsamstarfs á grundvelli áðurnefnds samstarfssáttmála, og þeir eru af öðrum stefnumótandi samþykktum flokksins.

Það er ekkert vafamál að sá hluti samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem tekur til Evrópusambandsins ber meira mót af stefnu Samfylkingarinnar heldur en stefnu VG. En svo er ekki um alla hluta hennar. Í samstarfsyfirlýsingunni segir t.d. líka: „Umhverfisvernd sem hefur sjálfbæra þróun samfélags og efnahags að leiðarljósi er sá grunnur sem ný atvinnu- og auðlindastefna stjórnarinnar byggir á. Þannig eru tekin

> Það er ekkert vafamál að sá hluti samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem tekur til Evrópusambandsins ber meira mót af stefnu Samfylkingarinnar heldur en stefnu VG. En svo er ekki um alla hluta hennar.

af nálinni heldur hefur það verið í gildi síðan Ísland gekk í evrópska efnahagssvæðið fyrir hartnær tveimur áratugum. Í ferlinu sjálfu felst ekki óafturkræf nálgun við Evrópusambandið sem kemur í veg fyrir að þjóðin geti hafnað aðild að ríkjasambandinu. Það sjáum við af reynslu Noregs, sem tvisvar hefur farið í gegnum slíka aðlögun án þess að landið sé nú hluti af ESB. Það hafa því engar forsendur breyst frá því að VG kaus að setjast í ríkisstjórn með þessa stefnu. Þetta viðurkennir Hjörleifur Guttormsson í grein í Smugunni 26. október og kallar þá ákvörðun „reiðarslag“. En hvað með þann þorra flokksstjórnarmanna sem, ólíkt Hjörleifi, studdi stjórnarsamstarf á grundvelli þessarar samstarfslýsingar vorið 2009? Hafa þeir endurskoðað sína afstöðu og vilja nú hætta stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna? Þeirri spurningu mikilvæg skref í átt til hins nýja græna hagkerfis sem skilar jöfnum vexti, og tryggir að ekki sé gengið á höfuðstól auðlindanna.“ Það er eðlileg krafa helsta flokks umhverfissinna á Íslandi að ríkisstjórnin starfi í anda þeirrar atvinnustefnu sem hún hefur sjálf markað og að aðilar innan hennar vinni hvorki í orði né verki gegn anda samstarfsyfirlýsingarinnar. Annað sem hún velferðarsinnaða ríkisstjórn hefur lofað er að endurskoða húsnæðismál þannig að „fólk í húsnæðisleit eigi valkosti með eignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum, hvort sem það þarfnast húsnæðis í fyrsta sinn eða síðar á lífsleiðinni“. Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er því skjal sem vinstrimenn og umhverfissinnar ættu að hafa væntingar til. Vafasamt er að það henti hagsmunum þeirra að grafa undan vægi hennar í stefnumótun ríkisstjórnarinnar.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Meiri Vísir. vísir.is

AF NETINU

## Bjarni Benediktsson illur



Afar lítið hefur farið fyrir formanni Sjálfstæðisflokksins síðustu mánuðina og ef ekki væri fyrir hnyttna Staksteina fyrrum formanns í Morgunblaðinu væri flokkurinn algerlega forystulaus.

Mér þótti því sæta miklum tíðindum að heyra Bjarna Benediktsson illan í skapi í kvöldfréttum RÚV yfir því að ráðalaus ríkisstjórn vildi eitthvað trufla hann og ráðfæra sig við hann. Reiði formanns Sjálfstæðisflokksins má eflaust rekja til þess að Bjarni hefur þegar á hólminn er komið engar tillögur í farteskinu aðra en þá að hengja sig á tillögur SA og ASÍ. Hann er jafn ráðalaus og ríkisstjórnin.Tillögur Bjarna og aðila vinnumarkaðarins ganga víst meira og minna út á það að sömu aðilar geri nákvæmlega það sama og fyrir hrun, þ.e. viðhalda óbreyttu fjármálakerfi, kvótakerfi og fari í stóriðjuframkvæmdir.

Vandinn er bara að þessi kerfi eru hrunin og ekki er á lausu fjármagn til þess að fara í stóriðjuna.

sigurjonth.blog.is
Sigurjón Þórðarson

FATASKÁPADAGAR

1.–7. NÓVEMBER!

Í tilefni af 75 ára afmæli AXIS bjóðum við vandaða fataskápa á sérstöku afmælisverði.

- Margar viðartegundir og litir.
- Mikið úrval á lager - skammur afgreiðslufrestur
- Rennihurðir smíðaðar eftir máli
- Íslensk framleiðsla á góðu verði!



Allar nánari upplýsingar í síma 535 4300

AXIS
75 ÁRA 1935-2010

Smiðjuvegur 9 • 200 Kópavogur • Sími 535 4300 • Fax 535 4301
Netfang axis@axis.is • Heimasíða www.axis

Opnunartími: Mánud.–föstud. 9–18 • Laugard. 10–16 • Sunnud. 11–16.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



39 **RICKY MARTIN** tónlistarmaður er 39 ára.

*„Samkynhneigt fólk þráir að ég sé hinsegin. Gagnkynhneigðir eiga sér ósk um að ég sé gagnkynhneigður.“*

BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR VÖRUSTJÓRI: MÆLIR 40 ÁR AF ÆVI SINNI Í DAG

# Rakst á ástina við búðarborðið



**Í JÓLASKAPI Á AFMÆLINU** Þótt enn séu sjö og hálf vika til jóla er Bryndís umvafin jólabókum og jólavarningi á sínum vinnustað, enda koma jólin fyrr hjá verslunarfólki en öðrum. Hún segist glöð í snemmteknu jólaamstri og ekki veita af litagleði í tilveru landa sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég er nægjusöm þegar kemur að afmælisgjöfum og þykir fjarskalega vænt um ryksuguna og eldhúskranana frá eiginmanninum. enda praktískar gjafir sem nýtast vel; rómantískar og fínar,“ segir Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka, tónlistar og myndbanda hjá Eymundsson, en hún býður vinum sínum til veislu í kvöld. „Enda ekki ástæða til annars en að lyfta glasi, þótt ekki sé nema til að styrkja ríkissjóð og auðga þriðjudaga,“ bætir hún við hlæjandi hress á fertugasta afmælisdegi lífs síns.

„Það halda margir að ég sé vinstrisinnuð miðbæjarrotta en í raun er ég hægrisinnaður Breiðhyltingur. Fimm ára fylgdi ég foreldrum mínum austur í Fellahverfi þar sem þau hófu þá þegnskylduvinnu að byggja sér hús og þar bjó ég til fullorðinsára,“ segir Bryndís, dóttir Lofts Andra Ágústssonar úrsmíðameistara og Kristjönu Petrínu Jensdóttur verslunarkonu. „Þá þótti óvenjulegt að pabbi ól mig að mestu upp þegar mamma vann úti við bókhald í Kjötbúðinni Borg, en hann var með úrsmíðaverkstæði heima, þar sem enn stendur úrsmiður í glugganum,“ segir Bryndís, sem ber hlýjar tilfinningar til síns gamla hverfis þar sem foreldrar hennar búa enn.

„Breiðholtið er frábært og þar átti ég yndisleg uppvaxtarár. Auðvitað völdust hetjur til kennslu í Fellaskóla vegna orðsporsins og stríðsástands milli Fella-, Hóla- og Seljahverfis. Í Fellaskóla voru okkur kennd mjög heiðarleg og góð gildi, og stíft menningaruppeldi var í Fellahelli þar sem Sykurmolarnir Sjón og Þór Eldon hlúðu að okkur krökkunum í frítímum. Ég á því bara ljúfar minningar úr Fellunum,“ segir Bryndís, sem eftir stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti féll á inntökuprófi í Leiklistarskóla Íslands, en útskrifaðist þremur árum síðar frá leiklistarskóla í Lundúnum.

„Í Lundúnum var ógleymanlega gaman og ég svo heppin að vera þar samtíða Jakobi Frímanni og gullaldarárum hans sem menningarfulltrúa þar í borg,“ segir Bryndís, sem enn hefur ekki sýnt leikhæfileika sína frammi fyrir þjóð sinni, enda setti hún leikkonuferilinn á ís þegar henni bauðst verslunarstjórastaða í Eymundsson.

„Ég hef alltaf verið bókelsk, fannst ég geta gert góða hluti hér og ekki skemmdi fyrir að mér þótti starfið skemmtilegt. Leiklistin hefur nýst vel sem veganesti, því í skólanum lærði ég býsn um bókmenntir, sem og að koma fram og koma fyrir mig orði,“ segir Bryndís og spurð hvort hún mundi hafna hlutverki ef til hennar væri leitað svarar hún: „Ég mundi örugglega slá til og sé alltaf pínulítið eftir að ekkert sé til af mér sem leikkonu. Þá get ég allavega sannað fyrir börnunum að víst hafi ég verið leikkona. Ég fékk bara Eymundsson í hjartað,“ segir Bryndís og víst er að bókabúðin spilar stóra rullu í örlagasögu Bryndísar þar sem hún rakst á stóru ástina við búðarborðið í Austurstræti.

„Ástin kemur oft óvænt og þegar maður á síst von á henni, en þarna var að væflast um Arnbjörn Ólafsson, sem nú er eiginmaður minn. Ég spurði hvort ég gæti gert eitthvað fyrir hann og hann svaraði: „Já, þú mátt koma með mér út að borða“. Fljótlega kviknaði ástin því við áttum þá og eigum enn alveg rosalega vel saman. Mér þykir óendanlega vænt um hann, þetta er frábær gaur, enda skemmtilegur, fínn og traustur maður,“ segir Bryndís um sinn heittelskaða en saman eiga þau þrjú börn á aldrinum tveggja til sjö ára.

„Lífið er dásamlegt. Ég vakna til hvers dags með bros á vör og nú nýfarin að byrja daginn í ræktinni eftir níu ára hvíld. Þar hef ég verið mesti búðingurinn undanfarið; mætti galvösk í allan þrek- og púltímann fyrsta morguninn og endaði ælandi inni á klósetti. Síðan leið nánast yfir mig í næsta tíma en nú er ég ekki jafn afgerandi léleg,“ segir hún hláturmild, enda er allt fertugum fært.

thordis@frettabladid.is



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Anton Ström**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 27. október. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

**Guðbjörg Guðmundsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Sigríður B. Ström** | **Ómar Önfjörð Magnússon** |
| **Hjördís Ström** | **Lárus Þ. Blöndal** |
| **Victor Ívar Ström** | **Bylgja Guðjónsdóttir** |
| **Kristján Páll Ström** | **Guðrún Gísladóttir** |
| **Herdís Ström** | **Donald Þór Kelley** |
| **Bjarni Ström** | **Grete Andersen** |
| **Einar Sigurðsson** | **Kristín Guðnadóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Bárðarsonar**

frá Heiði í Mývatnssveit,
Krummahólum 8, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

**Marta Kristín Stefánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Björg Wessing** | **Lars Wessing** |
| **Sigrún Sigurðardóttir** | **Vignir Ólafsson** |
| **Rebekka Sigurðardóttir** | **Jósef Smári Ásmundsson** |

**barnabörn og langafabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, systir, amma og langamma,*

**Sigríður J. Claessen**

ljósmóðir,

lést sunnudaginn 24. október á elliheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 3. nóvember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Baldur Bjarnarson** | **Ragnar Bjarnarson** |
| **Þorsteinn Bjarnarson** | **Guðmundur Bjarnarson** |
| **Jón Bjarnarson** | |
| **Tómas Kárason** | **Ágúst Kárason** |
| **Kári Kárason** | |
| **Ágúst Guðmundsson** | |
| **Gunnlaugur Ágústsson** | **Guðmundur Ágústsson** |
| **Aðalheiður Jónsdóttir** | **Sigurður Jónsson** |
| **Jón Jónsson** | |

**og barnabarnabörn**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Eybjörg Sigurðardóttir**

Hagamel 30,

lést á heimili sínu 26. október. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 4. október kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Þorvaldur Geirsson** | |
| | **Helga Guðjónsdóttir** |
| **Lovísa Geirsdóttir** | |
| **Valgerður Geirsdóttir** | **Viktor A. Ingólfsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ármann Einarsson**

frá Brekkuvelli,
Nökkvavogi 31, Reykjavík,

sem lést 23. október, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 4. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Jónína Hafsteinsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Kristín Ármannsdóttir** | **Pétur Þorsteinsson** |
| **Særún Ármannsdóttir** | |

**Ólöf, Unnur og Dagný**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Henning Finnbogason**

Ljósheimum 18, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 30. október.

**Birgir Henningsson, Ómar Henningsson og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær fóstra mín og systir okkar,*

**Jakobína Fanney Þórhallsdóttir**

sem lést þann 26. október, verður jarðsungin frá Grenivíkurkirkju laugardaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Frímann Svavarsson,**
**Guðjón Þórhallsson, Svavar Þórhallsson og Gunnlaugur Þórhallsson.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og sonur,*

**Gísli Hauksson**

lést föstudaginn 29. október.

| | |
|---|---|
| **Karen S. Kristjánsdóttir** | |
| **Unnur Gísladóttir** | **Einar Ómarsson** |
| **Anna Kristín Gísladóttir** | |
| **Unnur Gísladóttir** | **Haukur Berg Bergvinsson.** |



**Heilsubankinn.is** hefur að geyma uppskriftir að alls konar ljúffengum og hollum mat. Þar er meðal annars að finna tillögur að því hvernig breyta megi gömlu góðu jóla-uppskriftunum í átt að meiri hollustu, með því að skipta sykri, mjólk og salti út fyrir hollari hráefni.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Eirberg



**Rafknúnir hægindastólar** sem auðvelda þér að setjast og standa upp

***Fjölbreytt úrval***

Opið virka daga kl. 9 -18
og á **laugardögum** kl. 11 -16

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

friendtex

**LAGERSALA**

**FÁRÁNLEGA GÓÐ VERÐ**

1.000,- 2.000,- 3.000,- 4.000,- 5.000,-

**Aðeins þessi verð**

**Á lagersölu eru:**
Ullarjakkar, jakkar, buxur, peysur, vesti, pils, skór, bolir, stígvél o.m.fl.

**Kíktu – það er þess virði**

**Bonito ehf. Friendtex,**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is**

**Patti.is**

**Landsins mesta úrval af sófasettum**



Mílano sófasett 3+1+1 Verð frá 282.900 kr

**Yfir 80 mismunandi sófagerðir. Mál og áklæði að eigin vali.**



Vín sófasett 3+1+1 Verð frá 345.900 kr

**Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is**
**Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16**


**Hákon Már Oddsson kynntist áhrifamætti gufubaða í Finnlandi þar sem þau gegna margþætta hlutverki:**



# Hefur fundað í gufubaði

Eins og ég upplifi þetta þá er þetta hreinsun, sem nær miklu dýpra heldur en að fara í til dæmis bað eða sturtu. Þarna er verið að hreinsa óhreinindi úr líkamanum ásamt því að losa um alls konar tilfinningar. Ég líki þessu svolítið við hugleiðsluástand því ef maður slakar á og streit-ist ekki á móti þolir maður betur hitann og kemst þannig á stað sem er dýrmætur.“

;HEILSA | 3

Hákon fer gjarnan í gufuna í Lágafellslaug og skellir sér líka í pottana. Hér er hann með sérstaka sauna-húfu sem er fáanleg í Finnlandi og gegnir því hlutverki að verja höfuð og eyru gegn brennandi heitum gufum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


KRINGÓMA



SURROUND

# Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



dot by ReSound

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing

**Lífsýn fræðslumiðstöð** hefur gefið út sjálfshjálpardisk ætlaðan þeim sem vilja vinna sig út úr fíkn. Diskurinn hefur að geyma hugleiðsluæfingar sem farið er í gegnum og eru lesnar af Elvari Bragasyni ráðgjafa. Allar upplýsingar veittar hjá Lífsýn, sjá lifsyn.is.





Það er óþarfi að sitja með hendur í skauti þótt árin færist yfir. Námskeiðið 60+ er eingöngu fyrir eldri borgara. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Líkamsrækt fyrir 60 plús

**Námskeiðið 60+ er sérhannað með þarfir eldri borgara í huga.**

Í Heilsuborg í Faxafeni hófst í gær námskeiðið 60+, sem eingöngu er ætlað fyrir 60 ára og eldri. Námskeiðið er sagt henta vel þeim sem vilja auka vöðvastyrk, hægja á beinþynningu, ná betra jafnvægi, auka úthald við dagleg störf og fá markvissa þjálfun og ráðgjöf. Námskeiðið er fjögurra vikna lokað námskeið með léttri leikfimi, tækjaþjálfun, slökun og vellíðan. Námskeiðin eru haldin á fjögurra vikna fresti og njóta mikilla vinsælda. *- fsb*

# Opnar eigið apótek í Grafarholti

**Guðrún Pálsdóttir tók djarfa ákvörðun fyrir skemmstu og opnaði eigið apótek í Grafarholti. Hún sér ekki eftir því, enda hefur hún aldrei gert neitt skemmtilegra. Hún fylgdi hjartanu og nefndi apótekið eftir fyrsta hugboði.**

Lyfjafræðingurinn Guðrún Pálsdóttir opnaði Urðarapótek í Grafarholti fyrir skemmstu en þar með rættist gamall draumur. „Ég er vissulega að taka áhættu en ég hef aldrei gert neitt jafn skemmtilegt,“ segir Guðrún.

Hún hefur lengst af starfað við markaðssetningu á lyfjum. „Fyrir nokkrum árum ákvað ég að söðla um og fara í MBA-nám. Að því loknu fór ég að vinna í apóteki og kom það mér á óvart hvað mér þótti það gaman. Eftir þrjú ár réð ég mig sem framkvæmdastjóri fyrirtækis í samheitainnflutningi en fann bara ekki gleðina, sagði upp og ákvað að fara af stað með eigin rekstur.“

Guðrún segir einyrkjaapótekum að fjölga á ný en um tíma fór þeim ört fækkandi. „Það hefur orðið viðsnúningur en bara á síðasta rúma ári hafa þrjú ný apótek opnað en það eru Apótek Hafnarfjarðar, Reykjavíkurapótek og nú Urðarapótek. Ég veit ekki nákvæmlega hvað veldur en hugsa að ég hefði ekki fengið þetta tækifæri ef ekki væri fyrir kreppuna, því þá væri löngu komið apótek hér í Grafarholti.“ Guðrún hefur mikla ánægju af nýja starfinu og segir samskiptin við viðskiptavini gefa sér mest. „Ég legg ríka áherslu á góða þjónustu og samkeppnishæft verð og tel að þjónustan sé betri í svona litlum apótekum en hjá stórum keðjum í verslunarmiðstöðvum.“

Guðrún segist bjóða hefðbundið vöruúrval og þjónustu á borð við lyfjaskömmtun, póst- og heimsendingar auk þess sem hún er með gott úrval af snyrtivörum. En hvaðan kemur nafnið á apótekinu? „Þetta var í raun fyrsta nafnið sem kom upp í hugann á mér. Síðan vann ég með nafnið Grafarholtsapótek en fannst það heldur óþjált. Ég ákvað því að fylgja hjartanu og breytti því aftur í Urðarapótek rétt fyrir opnun enda finnst mér það undirstrika að þetta er ekki keðja.“

*vera@frettabladid.is*

**Einyrkjaapótek á Íslandi**

- Apótek Hafnarfjarðar
- Apótek Vesturlands
- Reykjavíkurapótek
- Garðsapótek
- Árbæjarapótek
- Laugarnesapótek
- Rimaapótek
- Lyfjaver
- Urðarapótek

*Heimild: Lyfjastofnun.is*



Guðrún, lengst til hægri, ásamt samstarfskonum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engin lyf eru til gegn kvefi og bólusetning við kvefi er ekki til. Eftir að maður hefur fengið kvefpest af völdum eins afbrigðis þeirrar veiru sem veldur henni fær maður hana þó ekki aftur. Mikilvæg forvörn gegn kvefi er handþvottur.

**www.wikipedia.org**


Stelpur Konur TT námskeið

Staðurinn - Ræktin



Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

**Innritun hafin á síðustu TT-námskeið fyrir jól í síma 581 3730**

***Námskeið hefjast 14. nóvember***

TT námskeiðin okkar sívinsælu, frá toppi til táar, miðast við að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri. Þau byggjast á áralangri reynslu og fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsbeitingu, fundi, vigtun og mælingar.

TT námskeiðin standa yfir í sex vikur. Þrjá tíma í viku er stunduð markviss líkamsrækt sem eflir þol og styrk og tekur mið af einstaklingsbundinni getu. Vigtað er í hverjum tíma og mælingar gerðar þrisvar á tímabilinu. Fundur er haldinn einu sinni í viku. Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem algjör trúnaður ríkir.

**TT tímar í boði:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 12:05 | F | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu- og þriðjud, fimmtud 18:25 | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánud, - miðvikud 19:25 og lau 8:30 | |
| 18:25 | TT3 | Mánu- og miðvikud - (16-25 ára) | |

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 14. nóvember kl. 17:00

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Pantaðu þér handsnyrtingu með lökkun og fáðu handáburð frítt með! Verð 4.900 kr.

Tilboðið gildir virka daga í nóvember 2010

DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR

Sími: 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is



**Maður lifandi námskeið**

Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á www.madurlifandi.is



**Elísabet Reynsidóttir**
Næringarþerapisti C.E.T.

**03. nóvember - kl. 18:00 - 20:00**
Matreiðslunámskeið - Hvernig á að gera heimilismatinn hollari



**Linda Pétursdóttir**
Certified Holistic Health Counselor

**04. nóvember - kl. 18:30 - 20:30**
Sykurfíknin söltuð

**05. nóvember - kl. 17:30 - 20:30**
Matreiðslunámskeið - heilnæmt, grænt og gómsætt

**06. nóvember - kl. 12:00 - 15:00**
Súpuveisla að hætti Lindu

maður lifandi

Borgartúni 24, 105 Reykjavík | Hæðasmára 6, 201 Kópavogi | Hafnarborg, 220 Hafnarfjörður | Sími: 585 8700, www.madurlifandi.is



Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Framhald af forsíðu

Þannig lýsir Hákon Már Oddson reynslu sinni af gufuböðum, sem hann hefur stundað sér til heilsubótar um árabil. Hákon kynntist lækningamætti gufubaða fyrst af einhverri alvöru í Eistlandi og Finnlandi, í gegnum aðkomu sína að Leonardo, starfsmenntunaráætlun Evrópusambandsins, en getur þess að þar sæki fólk þau þó ekki aðeins í heilsueflingarskyni heldur líka í félagslegum tilgangi og til andlegrar upplyftingar.

„Gufuböð gegna margþættu hlutverki, til dæmis í Finnlandi. Vinnufélagar funda í þeim, sumir stunda þau í sama tilgangi og Íslendingar sækja skemmtistaði og í gamla Finnlandi fæða einhverjir í þeim börn og verja þar jafnvel síðustu stundum ævi sinnar. Sjálfur hef ég setið á margra klukkutíma löngum vinnufundi í gufubaði sem leystist svo upp í partí en Finnum finnst það fyrirkomulag kjörið til að hrista mannskapinn saman.“

Talið er að nánast hver einasta fjölskylda í Finnlandi eigi gufubað. Að sögn Hákonar eru gufuböðin jafn ólík og þau eru mörg en í grunninn megi þó skipta þeim öllum í þrjár gerðir. „Rafmagnssauna með upphituðum steinum. Eld-sauna, hituð upp með annaðhvort inni- eða útiofni og svo „smoke-sauna“ eða reyk-sauna. Þá er eldur kveiktur undir steinhleðslu í gufubaðinu án þess að strompur sé og hægt að sitja inni á upphituðum steinum klukkutímum saman, en þannig kemst maður í fyrrnefnt hugleiðsluástand,“ segir hann og rifjar upp fyrstu heimsókn sína í finnska reyk-sauna.

„Ég sótti hana í sérstöku saunasafni sem er að finna í skógarjaðri þorpsins Muurame, nokkur hundruð kílómetra norður af Helsinki. Gufubaðið var gríðarlega stórt og kynjaskipt eins og tíðkast í Finnlandi, þar sem karlarnir söfnuðust naktir saman á efri hæðinni og hluti þeirrar neðri var lagður undir steinahleðsluna. Þetta var svolítið sérstök reynsla fyrir Íslending en síðan hef ég prófað ýmislegt þarna úti og meðal annars komið í kynjaskipta sundlaug þar sem allir svömluðu um kviknaktir!“


Finnskir saunugestir bregða sér gjarnan út fyrir til að kæla sig niður. Hákon segir þá ekki láta það á sig fá þótt gufuböðin séu í miðju íbúðarhverfi. NORDICPHOTOS/AFP



**Fimm atriði sem þurfa að prýða gott gufubað að mati Hákons:**

- Eldur kveiktur inni undir steinahleðslu, enginn strompur en reykurinn látinn sleppa út um gat.
- Vatn eða sjór verður að vera nálægt til að kæla sig í.
- Birkivöndur við hönd, til að slá sig með.
- Gæta þess að sauna-álfurinn, sem Finnar trúa á, sé glaður.
- Gufubaðið verður að vera heitt, skvetta á miklu af vatni á steinana en litlu þó í einu.

Munurinn á finnskri og íslenskri sauna-menningu er af þeim sökum augljós að mati Hákonar, sem finnst jafnframt fá gufuböð á landinu komast nærri þeim finnsku að gæðum og þá meðal annars vegna lítillar loftræstingar. „Finnarnir gæta þess hins vegar alltaf að vel lofti í gegn,“ segir hann og bætir við að helstu hliðstæðu gufubaða hérlendis sé ef til vill að finna í heitu pottunum. „Stemningin er ekki ósvipuð þegar fólk situr saman í drykklanga stund í pottunum sem eru af heitari gerðinni, og lætur fara vel um sig undir berum himni án þess að verða meint af vegna súrefnisskorts eða annarra óþæginda. Þá er dýrmæti staðurinn skammt undan.“

*roald@frettabladid.is*














Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum
um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

**Davíð Kristinsson** næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur um 30 daga hreinsun á mataræði í Heilsuhúsinu Lágmúla á fimmtudaginn frá klukkan 19.30 til 21.30. Ný handbók með þrjátíu daga framhaldsmatseðli fylgir með. Skráning á www.30.is og í síma 864 9155.



# Hollur matur fyrir húð

**Það sem við látum ofan í okkur hefur áhrif yst sem innst. Auður Ingibjörg Konráðsdóttir heilsukokkur heldur námskeið um mataræði og næringu og hvernig rétt mataræði getur lagað húðvandamál.**

„Við erum svo heppin á Íslandi að eiga ferskt loft og hreint vatn. Það er ómetanlegt og um að gera að dæla því í sig, það er frítt og kemur beint úr krananum,“ segir Auður Ingibjörg Konráðsdóttir heilsukokkur, en hún heldur tvö námskeið nú í nóvember um mataræði og næringu og mataræði í tengslum við húðvandamál.

„Kyle Vialli, einn fremsti heilsufræðingur í Evrópu, mun fjalla um húðvandamálin sjálf á námskeiðinu en mataræðið er einn af fjórtán þáttum sem skipta þar miklu máli. Ég verð með sýnikennslu í matreiðslu þar sem ég blanda saman mexíkóskri og íslenskri matargerð, fólk fær uppskriftir sem það tekur með heim og fær að smakka réttina. Þetta eru einfaldar uppskriftir, sniðnar að nútíma fólki sem hefur kannski ekki mikil fjárráð og ekki mikinn tíma,“ útskýrir Auður.

Námskeiðin verða haldin dagana 12. og 13. nóvember á veitingastaðnum Gló. Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á heilsukokkur@heilsukokkur.com eða með því að hringja í síma 823 8000.

*heida@frettabladid.is*



Auður Ingibjörg Konráðsdóttir heldur námskeið um hollt mataræði á veitingastaðnum Gló dagana 12. og 13. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## UPPSKRIFTIR AUÐAR HEILSUKOKKS

Brauð með sítrus og byggsalsa og lárperusmjöri



**Hafra- og bókhveitibrauð**
2 dl bókhveiti, lagt í bleyti yfir nótt í 4 dl af vatni
1 ½ dl hörfræ, lögð í bleyti yfir nótt í 3 dl af vatni
1 dl lífrænir hafrar
1 blað grænkál, saxað
1 rauð paprika, söxuð
1 hvítlauksgeiri
2 stilkar + blöð ferskt basil, saxað
2 msk. Mexíkó-kryddblanda frá Pottagöldrum
2 msk. bygggras duft, (má sleppa)
2 tsk. Himalajasalt
Cayenne-pipar á hnífsoddi

*Mauka ¼ af bókhveiti í matvinnsluvél ásamt ¼ af hörfræjum, hvítlauk og salti. Blanda öllu saman, smyrja á plötu með bökunarpappír og þurrka í ofni á 50°C yfir nótt eða þar til brauðið er þurrt í gegn.*

**Sítrus- og byggsalsa**
1 dl íslenskt bygg
2 lífrænar appelsínur
1 meðalstór tómatur
¼ agúrka
3 msk. söxuð steinselja
1 tsk. sjávarsalt

*Skola byggið og láta í pott ásamt 2 dl vatni og smá sjávarsalti. Sjóða í 10 mínútur, láta standa yfir nótt. Skera tómat, agúrku og appelsínur í fallega bita, blanda öllu saman.*

**Lárperusmjör með fjallagrösum**
1 vel þroskuð lárpera
2 msk. kóríander
safi úr 1 límónu
¼ rauð paprika
½ tsk. sjávarsalt
½ tsk. mulin fjallagrös

*Mauka lárperu ásamt salti, límónusafa og fjallagrösum. Saxa kóríander og papriku og blanda öllu saman.*





Kynning

## Culiacan flytur í stærra og betra húsnæði að Suðurlandsbraut 4a




Sólveig segir allt vera á fullu núna við að undirbúa opnunina.

Veitingahúsið Culiacan, sem verið hefur til húsa í Faxafeni 9 síðan það opnaði fyrst í maí 2003, flytur starfsemi sína nú um mánaðamótin.

**„Þessi breyting var löngu orðin tímabær,“** segir Sólveig Guðmundsdóttir, eigandi staðarins. „Nýja húsnæðið er mun stærra og gefur því aukna möguleika til framtíðar en starfsemin var búin að sprengja utan af sér í Faxafeninu. Lítið eldhús og naumt lagerpláss var farið á há okkur en það mun batna til muna á nýja staðnum. Einnig gerir stærri salur okkur kleift að taka á móti fleirum í einu.

Við erum full tilhlökkunar og vonum að viðskiptavinir okkar verði jafn ánægðir og við. Á þessum sjö árum sem við höfum starfað hefur orðið mikil heilsuvakning hjá fólki og finnum við greinilega fyrir auknum áhuga á okkar mat samhliða því, en við vorum með þeim fyrstu að bjóða upp á hollan skyndibita. Í dag leggur fólk miklu meira upp úr því að borða hollan mat sem er í takt við okkar markmið.“

Frá upphafi hafa einkunnarorð Culiacan verið **FERSKARI, FLOTTARI, SADDARI, SÁTTARI** sem lýsa því vel hvað staðurinn stendur fyrir, þ.e. ferskt úrvals hráefni, og hollur, góður og vel útilátinn matur á sanngjörnu verði. Á Culiacan hefur ávallt verið markmið okkar að viðskiptavinir geti borðað sig sadda án samviskubits, segir Sólveig að lokum.

**FRELSI** til trúar er mikilvægt en líka frelsi til trúleysis. Skólar eiga að virða ólíka afstöðu barna og foreldra þeirra til lífsskoðana. Réttur eins má ekki að vera á kostnað annars. Minnihlutahópur á ekki að kúga meirihluta. Þjóðkirkjan hefur verið afslöppuð í samskiptum við skóla. En hún hafnar að skólar séu tæki í þágu stjórnmálahreyfingar, einnar lífsskoðunar, einhverrar menningarbyltingar eða trúarstefnu. En hún hvetur til, að skólar vinni með ábyrgu fagfólki annarra stofnana og hreyfinga þegar hlutverk eru skýr og samskiptahættir vel skilgreindir.

**TRÚARLEG** fjölbreytni vex í samfélagi okkar Íslendinga. Umburðarlyndi í trúarefnum og gagnvart mismunandi lífsskoðunum verður ekki til með gettómyndun og aflokun, heldur fremur við kynni, tengsl og opnun. Lærum af mistökum nágrannaþjóða okkar. Samfélaginu er lífsnauðsyn að skólarnir taki þátt í mótun fjölmenningarsamfélags. Skólum á ekki að loka og ala þar með á ótta og átökum, heldur ætti að fjölga heimsóknum fólks með ólíkar lífsskoðanir. Efla þarf kynningu á mismunandi trú og trúariðkun. Kristnin boðar virðingu gagnvart fólki og mismunandi trú.

**Í** stað þess að loka ættu ráð borgarinnar að hvetja til kynningar lífsskoðana til að Reykvíkingar framtíðar verði betur færir um að meta með þroskuðum hætti trú og trúleysi, gildi, dyggðir og lesti. Óttumst ekki margbreytileikann, heldur fögnum honum og eflum traustið. Leyfum stjúpunum, Öskubuskunum, öllum systrum og bræðrum stórfjölskyldunnar að fara á ballið í sínum fötum, dansa með sínum hætti og án þess að eiga á hættu að missa tær, hæla, svo ekki sé nú talað um fætur.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Upphaf Paradísar lofar góðu

Einn og hálfur mánuður er liðinn síðan Bíó Paradís tók til starfa í gamla Regnboganum. Þessum nýju heimkynnum listrænna bíómynda, klassískra mynda og kvikmyndahátíða hefur verið vel tekið að mati Lovísu Óladóttur framkvæmdastjóra.

Fjórir salir eru í bíóinu og því þarf aðsóknin að vera góð til að reksturinn standi undir sér. Lovísa segir hana svipaða og búast mátti við. „Fyrstu vikurnar hafa gengið vel og þetta lofar rosalega góðu. Við hvetjum alla til að koma og vera með okkur í þessu því öðruvísi mun þetta ekki ganga,“ segir hún.

Hlýlegt kaffihús er í Bíói Paradís, sem hingað til hefur aðeins verið opið á sama tíma og bíóið. Að sögn Lovísu er í pípunum að hafa kaffihúsið opið enn lengur. „Tækifærin eru gríðarleg í forsölunum tveimur fyrir hina ýmsu viðburði og það er hægt að halda uppi mjög skemmtilegu fjörutíu manna kaffihúsi þar þegar best lætur. Þarna er heimilisleg stemning, gömul sófasett og íslenska kvikmyndasagan á veggjunum.“

Næstu tvær vikurnar verða sýndar þær myndir sem voru tilnefndar til Norrænu kvikmyndaverðlaunanna. Einnig verður sýnd í bíóinu heimildarmyndin Með hangandi hendi sem fjallar um Ragga Bjarna. **- fb**



**FÓLKIÐ Á BAK VIÐ BÍÓ PARADÍS** Lovísa Óladóttir segir að fyrstu vikurnar í Bíói Paradís hafi gengið vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Tónlist ★★★★

**Skrýtin veröld**

Bjartmar & Bergrisarnir

## Allt smellur hjá Bjartmari

Útgáfuferill Bjartmars Guðlaugssonar er orðinn ansi langur. Hæst reis stjarna hans á níunda áratugnum með plötunni Í fylgd með fullorðnum, sem er eitt af meistaraverkum íslenskrar poppsögu. Plata sem negldi tíðarandann og hitti algjörlega í mark bæði textalega og tónlistarlega. Bjartmar hélt áfram að gefa út plötur á níunda og tíunda áratugnum, en þá fór minna fyrir honum. Hann er hins vegar að koma sterkur inn með nýju plötunni sem kom út í haust. Skrýtin veröld er plata sem gengur algjörlega upp. Textarnir eru fínir, lögin léttari og meira grípandi en á síðustu Bjartmars plötum, útsetningarnar traustar og hljómurinn góður. Tónlistin er vel útfært rokk í hefðbundnum stíl, textarnir taka sumir ágætlega á málefnum líðandi stundar og svo er bara svo helvíti góð stemning á þessari plötu. Það er eflaust að stórum hluta hljómsveitinni Bergrisunum að þakka. Það munar öllu að hafa almennilega hljómsveit á bak við sig. Það er ekki verið að finna upp hjólið á Skrýtinni veröld, en við fáum tíu flott lög og texta í flutningi frábærrar hljómsveitar. Það er ekki lítið!



**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Bjartmar stígur aftur inn í sviðsljósið með sína bestu plötu í yfir 20 ár.



Tónlist ★★★

**Grámosinn gólar**

Mosi frændi

## Fyrir sanna vini Kötlu köldu

Grámosinn gólar (snilldar titill!) er upptaka frá vel heppnuðum endurkomutónleikum hljómsveitarinnar Mosi frændi á Grand Rokki í fyrra. Sveitin tekur hér sín þekktustu lög (Ástin sigrar, Katla kalda (tvisvar hvort lag!), Geirþrúður…) auk slagara á borð við Wild Thing, Jenny Darling (Pelican), Sönn ást (Maggi Eiríks) og Poppstjarnan (Utangarðsmenn). Páll Óskar og Felix Bergsson heiðra sveitina með gestasöng. Þó að þessi plata eigi eingöngu erindi við heitustu aðdáendur Mosans þá er þessi útgáfa vel þegin!

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Mosi frændi rifjar upp gamalt stuð.



# Milljarður vegna Myspace

**Norska sveitin Datarock spilar hér á landi í annað sinn á föstudaginn. Fredrik Saroea ræddi við Fréttablaðið um kynni sín af Íslandi og einn milljarð Datarock-hlustenda.**

Norsku danspopppararnir í Datarock spila á Nasa á föstudagskvöld. Hljómsveitin kemur fram á tónleikaröðinni Direkt ásamt sænsku hljómsveitinni Wildbirds & Peacedrums, Slaraffenland frá Danmörku, Budam frá Færeyjum og þeim Hjaltalín, Retro Stefson, Berndsen og Orphic Oxtra.

Datarock spilaði síðast hér á landi á Airwaves-hátíðinni fyrir fjórum árum. Forsprakkinn Fredrik Saroea er afar spenntur fyrir því að endurnýja kynni sín af landi og þjóð. Hann kíkti meðal annars við í Bláa lóninu í Airwaves-eftirpartíi þar sem danstónlistin dunaði. „Þetta var einhvers konar blanda af Íslandi, Ibiza og Miami í Bláa lóninu. En tónleikarnir okkar voru skemmtilegir og ég sá dálítið af hinum böndunum spila. Það var mjög gaman,“ segir hann. „Þegar við stofnuðum hljómsveitina var okkar eini metnaður að spila í Tókýó, New York og í Reykjavík. Þannig að þegar við spiluðum á Iceland Airwaves höfðum við náð öllum okkar markmiðum.“

Datarock náði töluverðum vinsældum í Bretlandi eftir spilamennskuna á Airwaves og varð hluti af nýrri bylgju sem kallaðist New Rave. „Allt í einu vorum við hluti af þessari nýju partímenningu og síðan þá höfum við spilað úti um allan heim,“ segir Fredrik. „Við höfum spilað á sjö hundruð tónleikum í 33 löndum og farið í sautján tónleikaferðir um Bandaríkin. Á einni þeirra spiluðum við á 42 tónleikum á sex vikum og á annarri ferðuðumst við til 26 borga á einum mánuði. Það var hræðilegt því við höfðum ekki beint einkaþotur til umráða. Við þurftum að ferðast í bíl í á bilinu þrjár til þrettán klukkustundir á hverjum degi.“

Datarock hefur á ferli sínum átt lög í 22 tölvuleikjum, dýrum auglýsingum fyrir Coca Cola og iPod Nano, og í sjónvarpsþáttum á borð við Chuck. „Fjórir þessara tölvuleikja eru FIFA-leikir og hver þeirra hefur selst í að meðaltali tíu milljónum eintaka. Framleiðendurnir telja að að minnsta kosti hundrað milljónir manna hafi heyrt í Datarock í FIFA-leikjum, sem er fáránlegt,“ útskýrir Fredrik. „Við erum ekki mjög þekkt hljómsveit en þegar þessu öllu er blandað saman hefur hátt í milljarður manna kynnst Datarock án þess kannski að vita endilega hverjir við erum,“ segir hann og hlær. „Það er áhugavert að sjá hvernig hægt er að ná langt alþjóðlega með ótrúlegri kynningu í gegnum þessa nýju fjölmiðla. Ástæðan fyrir því að við urðum svona alþjóðlegt band er netsíður á borð við Myspace. Án þeirra hefði enginn vitað af okkur.“

Eftir að hafa greint blaðamanni frá söngleik sem Datarock er með í bígerð tjáir Fredrik sig um tónleikana á Nasa. „Síðast þegar við spiluðum á Íslandi skemmtu allir sér mjög vel. Ef áhorfendur hjálpa okkur dálítið lofum við að gera okkar besta til að búa til partí sem verður erfitt að gleyma.“

freyr@frettabladid.is



**DATAROCK** Norsku danspopppararnir í Datarock spila á Nasa föstudagskvöldið 5. nóvember.


NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

650 KR. POWERSÝNING Á STÆRSTA DIGITAL TJALDI LANDSINS KL. 10.10 MACHETE
Úti er Ævintýri 2 — 650 KR. — ÍSLENSKT TAL
650 KR. TAKERS
TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.
650 KR. — 650 KR. AULINN ÉG

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | 5.50, 8 og 10.10(POWER) | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | 5.50 - ISL TAL | 16 |
| TAKERS | 8 og 10.10 | 7 |
| THE SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10.10 | L |
| AULINN ÉG | 6 - ISL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ KR. 650*
LET ME IN — KODI SMIT-MCPHEE — CHLOE GRACE MORETZ — RICHARD JENKINS — Frá leikstjóra Cloverfield

LANGFLOTTASTA ÞRÍVÍDDAR MYNDIN SÍÐAN AVATAR — „SJÓNRÆN VEISLA Í ÞRÍVÍDD“ ★★★★ ET — SKEMMTIR FULLORÐNUM JAFNT SEM BÖRNUM ★★★★ USA TODAY — KONUNGSRÍKI UGLANNA

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ KR. 650* — ★★★ S.M. - AH — ★★★ O.W. - EW — THE SWITCH

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ KR. 650* — 10.000 ÁHORFENDUR — ★★★★ FRÉTTABLAÐIÐ — ★★★★ SJÁÐU STÖÐ 2 — ★★★★ KVIKMYNDIR.IS — ★★★★ MORGUNBLAÐIÐ — ★★★★ OTH RÁS 2 — ÓRÓI — SÝND Í SAMBÍÓUNUM

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE TOWN | kl. 6 - 9:15 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ÍSL TAL | kl. 6 | 7 |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| ÓRÓI | kl. 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt Ensku | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 10:10 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| THE AMERICAN | kl. 10:20 | 16 |
| NORÐ VESTUR | kl. 6 | L |
| ÓRÓI | kl. 8 | 10 |
| REMEMBER ME | kl. 10:20 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA ÍSL TAL | kl. 6 | L |

ÞRIÐJUDAGAR ERU TILBOÐSDAGAR!

700 kr. Gildir ekki í Lúxus — MACHETE — LÚXUS — ★★★ -H.S.S., MBL — 16
ANNETTE BENING JULIANNE MOORE MARK RUFFALO — THE KIDS ARE ALL RIGHT — MIA WASIKOWSKA JOSH HUTCHERSON — 700 kr. — 12
Úti er Ævintýri 2 — Mjallhvít — 700 kr. — ÍSLENSKT TAL — L
INHALE — 700 kr. — 12 — ★★★★ -Ó.H.T., Rás 2 — ★★★★ -Þ. Þ., Fréttatíminn
700 kr. — TAKERS — 16
MEÐ HANGANDI HENDI — ★★★★★ — L
★★★★ -B.S., Fréttablaðið — ★★★★ -T.V., kvikmyndir.is — ★★★★ -Þ. Þ., Fréttatíminn — 700 kr. — 7 — The social network

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 10.20 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAKERS | kl. 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 7 pt

| | | |
|---|---|---|
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | KL. 10 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 6 | L |
| TAKERS | kl. 10.15 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |

facebook.com/smarabio — AUKAKRÓNUR 5%

BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ BAR

| | |
|---|---|
| SUBMARINO (SPURT OG SVARAÐ M. VINTERBERG) | 20:00 |
| THE GOOD HEART | 18:10 |
| METROPIA | 22:10 |
| STEAM OF LIFE+VISITOR | 20:10 |
| VOKSNE MENNESKER (DARK HORSE) | 18:00 |
| MED HANGANDI HENDI(L) | 18:20, 20:20 |
| ÁFRAM STELPUR! (MADE IN DAGENHAM)(L) | 18:00, 20:00, 22:30 |
| NORD VESTUR(L) | 22:00 |
| AMERÍKANINN (THE AMERICAN)(14) | 22:20 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN!
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS
MEÐ HANGANDI HENDI — Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2010



Heimili og skóli — Landssamtök foreldra — JERICO — Gegn Einelti




„Það er ekkert töff við það að leggja í einelti!“
Sverrir Þór Sverrisson, skemmtikraftur.

Þér er boðið að sækja borgarafund í eineltisátakinu
**Stöðvum einelti!**
Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 3. nóvember kl. 20:00** í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið — Heilbrigðisráðuneytið — Mennta- og menningarmálaráðuneytið — SAFT




# Shock

Komdu í búðina og skráðu þig á póstlista Shock tískufataverslunar og þú gætir unnið **kr. 100.000. úttekkt í Shock**

Shock tískufataverslun // Fákafeni 9 // 108 Reykjavík // Sími 561 0900 // www.shock.is

# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNAR KRISTJÁNSSON** mun líklega ganga endanlega í raðir FH-inga á næstunni samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Gunnar var lánaður til félagsins frá KR í sumar. FH-ingar vilja halda Gunnari og KR-ingar vilja einnig hafa hann áfram í sínum herbúðum. Gunnar sér aftur á móti fram á að fá að spila meira með FH og því vill hann fara þangað.



**OFMAT?** Guðmundur þjálfari talaði um að leikmenn hefðu ofmetnast eftir góðan árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenska handboltalandsliðið:

## Allt í mínus

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar voru ekki nema skugginn af sjálfum sér í landsleikjunum gegn Lettlandi og Austurríki. Ef rýnt er í tölfræðina sést að Ísland er undir á flestum lykilsviðum leiksins.

Markvarslan var sérstaklega döpur enda munar heilum 18 vörðum boltum á markvörðum íslenska liðsins og markvörðum andstæðinganna.

Skyttur Íslands áttu heldur ekki góða leiki og þar erum við hreinlega skotnir í kaf. Tólf mörk utan af velli er augljóslega ekki nógu gott í tveimur leikjum.

Vörnin hefur einnig séð betri daga og eitt sterkasta vopn landsliðsins, hraðaupphlaupin, var vart til staðar að þessu sinni. Svo náði liðið ekki að nýta sér liðsmuninn vel þegar andstæðingarnir voru með menn í kælingu. - hbg, óój

**Tölfræði landsliðsins**

**Leikirnir gegn Lettum og Austurríki:**

| | |
|---|---|
| Mörkin: | -3 (51-54) |
| Varin skot: | -18 (26-44) |
| Mörk úr langskotum: | -13 (12-25) |
| Mörk úr hraðaupphlaupum: | -1 (8-9) |
| Mörk af línu: | +2 (8-6) |
| Mörk úr hornum: | +6 (10-4) |
| Víti fengin: | +12 (15-3) |
| Brottvísanir: | -10 mín (20-30) |

Sir Alex Ferguson:

## Leikmenn eins og smábörn

**FÓTBOLTI Alex Ferguson, stjóri Manchester United, hefur svarað ummælum Danny Murphy, leikmanns Fulham.**

**Murphy sagði að leikmenn væru stundum of grófir og að sökin lægi að hluta til hjá knattspyrnustjórum liðanna.**

**Margir knattspyrnustjórar brugðust illa við þessum ummælum og nú hefur Sir Alex bæst í þann hóp. „Leikmenn í dag eru eins og smábörn. Þegar ég var að spila þurfti að höggva einhvern með handöxi til að fá áminningu," sagði Ferguson.** - esá

# Yrði okkar stærsti sigur frá upphafi að vinna Barcelona

**Átta leikir fara fram í Meistaradeild Evrópu í kvöld. Sölvi Geir Ottesen verður vonandi í eldlínunni með FC Kaupmannahöfn er liðið tekur á móti stórliði Barcelona á heimavelli. Þrjú lið eiga möguleika á að tryggja sér sæti í 16 liða úrslitum.**

**FÓTBOLTI** Sölvi Geir Ottesen og félagar í FC Kaupmannahöfn taka á móti stórliði Barcelona í D-riðli Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Þetta verður ekki auðvelt fyrir dönsku meistarana enda sóknarlína Barcelona ógnarsterk, með Argentínumanninn Lionel Messi fremstan í flokki. Hann lék Danina grátt þegar liðin mættust á Nou Camp fyrir tveimur vikum og skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri.

FCK hefur átt frábæru gengi að fagna á tímabilinu. Liðið er enn ósigrað í dönsku úrvalsdeildinni eftir fjórtán umferðir og vann fyrstu tvo leiki sína í Meistaradeildinni. Liðið tapaði að vísu óvænt fyrir Horsens í bikarkeppninni á dögunum en þjálfari liðsins, Ståle Solbakken, ætlar sér stóra hluti í kvöld.

„Þetta eru liðin í fyrsta og öðru sæti riðilsins sem eru að mætast og þannig verður það einnig eftir kvöldið," sagði Solbakken en Barcelona (7 stig) og FCK (6 stig) eru langefst í riðlinum. „Það er gott fyrir okkur. Það þýðir að við getum leyft okkur að taka áhættu og ef til vill ná aftur efsta sæti riðilsins."

Solbakken ætlar að treysta á að heimavallarvígi FCK á Parken haldi í kvöld. „Við höfum aldrei tapað leik í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á Parken og vonandi verður það áfram þannig eftir þennan leik. Ef við vinnum verður það líka okkar stærsti sigur frá upphafi."

Sölvi Geir á ríkan þátt í velgengni FCK en hann skoraði markið sem tryggði liðinu sæti í riðlakeppninni. Hann varð hins vegar fyrir því óláni að handleggsbrotna í leik gegn Bröndby í september síðastliðnum. Hann er byrjaður að spila á ný en óvíst er hvort hann verði í byrjunarliðinu í kvöld. Sölvi hefur komið inn á sem varamaður í síðustu tveimur deildarleikjum en spilaði reyndar allan bikarleikinn gegn Horsens.

Sölvi átti góða innkomu gegn Lyngby um helgina. FCK var undir, 2-1, þegar Sölvi kom inn á en liðið sneri leiknum sér í hag á síðustu fimm mínútum leiksins og skoraði Sölvi sigurmarkið í 3-2 sigri.

Börsungar munu þó gefa allt sitt í leikinn enda mun sigur tryggja liðinu sæti í 16 liða úrslitum keppninnar. Þeir eru í góðu formi eftir 5-0 sigur á Sevilla um helgina.

Inter og Lyon eiga einnig möguleika á að tryggja sér sæti í 16 liða úrslitunum með sigri í sínum leikjum í kvöld.

Bæði lið eiga erfiða útileiki fyrir höndum í kvöld. Lyon mætir Benfica á útivelli og Inter fer á White Hart Lane og etur kappi við Tottenham. Allt útlit var fyrir að Hollendingurinn Rafael van der Vaart yrði ekki með Tottenham í kvöld en betur fór en á horfðist.

Hann gat æft með liðinu í gær og Harry Redknapp knattspyrnustjóri sagði hann eiga möguleika á að spila í kvöld.

Manchester United er efst í C-riðli með sjö stig og fer langt með að tryggja sig áfram með sigri á Bursaspor í Tyrklandi í kvöld.

eirikur@frettabladid.is



**STÓRHÆTTULEGUR** Danir þurfa að hafa gætur á Lionel Messi, sem er af mörgum talinn besti leikmaður heims. Hann skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri Börsunga á FCK í síðustu umferð. NORDIC PHOTOS/AFP



**ÖNNUR ÞRENNA Í KVÖLD?** Gareth Bale, leikmaður Tottenham, skoraði þrennu gegn Internazionale síðast en það dugði ekki til. Liðin mætast aftur í kvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

**Leikir kvöldsins**

| | |
|---|---|
| **A-riðill:** | |
| Tottenham - Inter | Sport + HD |
| Werder Bremen - Twente | |
| **B-riðill:** | |
| Benfica - Lyon | |
| Hapoel Tel-Aviv - Schalke | |
| **C-riðill:** | |
| Valencia - Rangers | |
| Bursaspor - Man. United | Sport 3 |
| **D-riðill:** | |
| Rubin Kazan - Panathinaikos | |
| FC Kaupmannahöfn - Barcelona | Sport 4 |



**HVERT FER HANN?** Bestu lið landsins vilja fá Hólmar í sínar raðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikmannamál:

## Hólmar enn undir feldi

**FÓTBOLTI** Eftirsóttasti leikmaðurinn á íslenska leikmannamarkaðnum þessa dagana er Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins koma þrjú félög til greina hjá Hólmari – KR, FH og Keflavík. Miðjumaðurinn lunkni er með lausan samning hjá Keflavík, sem vill halda leikmanninum en samkeppnin frá FH og KR er hörð.

Sjálfur hefur Hólmar hug á því að komast að erlendis og ef hann semur við íslenskt félag á næstu dögum, eins og hann stefnir að, mun hann vera með klásúlu í samningnuum sem heimilar honum að fara frá félaginu komi freistandi tilboð að utan.

Hólmar sagði við Fréttablaðið í gær að hans mál myndu líklegast skýrast í þessari viku. - hbg

Jack Wilshere:

## Framlengdi við Arsenal

**FÓTBOLTI Jack Wilshere hefur skrifað undir nýjan langtímasamning við Arsenal en þessi stórefnilegi leikmaður er aðeins átján ára gamall.**

**Wilshere hefur verið í herbúðum Arsenal síðan hann var níu ára gamall og lék sinn fyrsta leik með aðalliði félagsins þegar hann var aðeins sextán ára gamall.**

**Hann var í láni hjá Bolton stóran hluta síðasta tímabils en hefur fest sig í sessi í byrjunarliði Arsenal í haust.**

**„Það skiptir mig öllu máli að mér var boðinn nýr samningur við Arsenal," sagði hann á heimasíðu félagsins.** - esá

Michael Porter
– heimsþekktur fyrirlesari beinir sjónum að íslensku efnahagslífi og jarðvarma.

Skattar hins opinbera á fyrirtæki
– mislukkuð álagning?

MARKAÐURINN
fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði
Næsta blað kemur út á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÞRIÐJUDAGUR FISKUR Í BÓNUS



*BÓNUS* ÝSUBITAR Í RASPI 800g
FRYSTIVARA



KS ÚTVATNAÐUR SALTFISKUR / STIRTLUSTYKKI



*NORÐANFISKUR:* FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR



*NORÐANFISKUR:* FROSNIR
ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR



*FISKBÚÐIN OKKAR:* FERSKAR
STEIKTAR FISKBOLLUR



*NORÐANFISKUR:* FRYSTAR
STEIKTAR FISKBOLLUR



GULL BITAFISKUR/HARÐFISKUR 200g
Rúmlega 80g af próteini í 100g af Gullfiski.

# ALLT Í MATINN Á BETRA VERÐI Í BÓNUS



SOLLU SPELTHVEITI
GRÓFT OG FÍNT 1 KG.



AKURSEL LÍFRÆNAR
GULRÆTUR 500G



EUROSHOPPER FROSIÐ BROKKOLI
OG GRÆNMETISBLANDA 1 kg



NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA/RAUÐAR



BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI **EPLA/APPELSÍNU 3** x 250g



FROOSH SMOOTHIE ÁVAXTA-ORKUDRYKKUR 250g



Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.



NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR 600g



EUROSHOPPER FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 STK

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## > Courteney Cox

„Mig langar að taka að mér hlutverk sem getur storkað mér og þróað mig sem leikkonu. Í Ameríku er það oft þannig að ef þú ferð úr fötunum hjálpar það þér á framabrautinni, ég vil ekki fara þá leið."

***Courteney Cox fer með aðalhlutverkið í gamanþáttunum Cougar Town. Þar fer hún með hlutverk einstæðrar móður í leit að draumaprinsinum. Cougar Town er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld klukkan 21.00.***



# dagskr

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER ENN AÐ LÆRA

# *Konungurinn er látinn, lengi lifi konungurinn*

Eftir fjarstýringarflakk í nokkra klukkutíma í gærdag hef ég bætt verulega við sögulega þekkingu mína, eða alla vega bætt við skilning minn á menningarlegu fyrirbæri sem ég hef hingað til haft lítinn áhuga á. Þetta er magnað stöff, reyndar.

Nefnilega: Í heimildarþætti á sjónvarpsstöðinni E! komst ég að því að Michael Jackson var pilluétandi skarn þegar hann lést og fjölskylda hans metur fráfall poppgoðsins á pari við árásina á Bandaríkin 11. september. Þau telja að heimurinn hafi verið í jafn miklu áfalli eftir þessa tvo atburði. Þáttastjórnendur og álitsgjafar voru sammála og byggðu undir þessa fullyrðingu sína með rökum. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki gert mér grein fyrir mikilvægi poppgoðsins í þessu sögulega samhengi.

Fyrir mér var Jackson bara tónlistarmaður en sem slíkur stórstirni hvert sem litið er í heiminum. Á hverju þessi frægð byggði hef ég eiginlega aldrei skilið. Var það tónlistin eða var það sú staðreynd að maðurinn var frík? Var það einhver blanda af þessu tvennu, kannski? Hann kunni óumdeilanlega að setja á svið stórkostlegt sjónarspil, hvort sem það var á sviði eða í einkalífinu.



Öfugt við þá sem annast fréttaflutning af frægu og ríka fólkinu, sem meta manninn mikils, þá gætu einhverjir komist að annarri niðurstöðu þegar líf hans er gert upp.

Þegar haft er í huga að maðurinn var kærður oftar en einu sinni fyrir ósæmilega hegðun gagnvart börnum, og greiddi viðkomandi fjölskyldum milljónir dala fyrir að þegja, mætti alveg eins segja að Konungur poppsins er látinn hafi ekki verið rétta fyrirsögnin þegar hann gaf upp andann í sumar sem leið. Einum barnaníðingi færra hefði kannski verið alveg eins viðeigandi?

En núna er glímt um það hvort Jackson hafi verið drepinn af einkalækni sínum. Þetta tekur sennilega aldrei enda.

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Eyjan svarta** Heimildarmynd um sögu Surtseyjar.
**16.55 Handboltinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Svona eru mæður** (6:6) Dönsk þáttaröð um móðurhlutverkið og ýmislegt sem því fylgir að verða ófrísk.
**18.00 Friðþjófur forvitni** (20:20)
**18.25 Krakkamál - Flóin Trilla** (5:5)
**18.30 Kobbi gegn kisa** (13:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólaklíkur** (34:34) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**20.50 Sportið** Í þættinum er fjallað um hinar ýmsu íþróttagreinar.
**21.25 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestir þáttarins eru um margt ólíkir og koma alls staðar að úr samfélaginu.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Luther** (6:6) Breskur sakamálaflokkur um harðsnúnu lögguna Luther sem fer sínar eigin leiðir.
**23.15 Bikarinn** Þáttur um liðakeppni í golfi þar sem landsbyggðin og höfuðborgarsvæðið takast á.
**00.15 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Rock Star**
**10.00 Are We Done Yet?**
**12.00 The Seeker: The Dark Is Rising**
**14.00 Rock Star**
**16.00 Are We Done Yet?**
**18.00 The Seeker: The Dark Is Rising**
**20.00 The Heartbreak Kid**
**22.00 Elizabeth: The Golden Age**
**00.00 Winter Passing**
**02.00 Yesterday**
**04.00 Elizabeth: The Golden Age**
**06.00 Cake: A Wedding Story**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 That Mitchell and Webb Look** (4:6)
**10.55 Wipeout USA**
**11.45 Monk** (5:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (1:24)
**13.30 My Fake Fiance**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Nonni nifteind, Ben 10, Strumparnir
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (1:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (2:22)
**20.10 The Middle** (14:24) Frábær gamanþættir um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni.
**20.35 Two and a Half Men** (2:22) Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan.
**21.00 Cougar Town** (21:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courteney Cox úr Friends.
**21.25 The Devil's Mistress** Fyrri hluti magnþrunginnar framhaldsmyndar.
**23.00 Daily Show: Global Edition**
**23.25 Pretty Little Liars** (9:22)
**00.10 Grey's Anatomy** (5:22)
**01.00 Medium** (6:22)
**01.45 Nip/Tuck** (5:19)
**02.30 Katie Morgan's Sex Tips**
**02.55 Skyfighters**
**04.35 The Middle** (14:24)
**05.00 Cougar Town** (21:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT besta sætið

**18.00 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur þar sem barna- og unglingastarfinu er veitt athygli.
**18.30 Fréttaþáttur** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**19.00 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.



**19.30 Meistaradeild Evrópu: Tottenham - Inter** Bein útsending frá leik Tottenham og Inter í Meistaradeild Evrópu. Sport 3: Bursaspor - Man. Utd
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**22.20 Meistaradeild Evrópu: Bursaspor - Man. Utd.**
**00.10 Meistaradeild Evrópu: København - Barcelona**
**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

## STÖÐ 2 SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Blackpool - WBA**
**14.10 Blackburn - Chelsea**
**15.55 Wolves - Man. City**
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Football Legends - Ronaldinho** Í þessum mögnuðu þáttum eru margir af bestu knattspyrnumönnum sögunnar skoðaðir og skyggnst á bakvið tjöldin. Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho, leikmann AC Milan á Ítalíu.
**19.00 Newcastle - Sunderland**
**20.45 Bolton - Liverpool**
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Man. Utd - Tottenham**

## SKJÁREINN

**07.20 Spjallið með Sölva** (6:13)
**08.00 Dr. Phil** (38:175)
**08.40 Rachael Ray** (114:175)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.05 90210** (1:22)
**15.50 Game Tíví** (7:14)
**16.20 Rachael Ray** (115:175)
**17.05 Dr. Phil** (39:175)
**17.45 Parenthood** (4:13)
**18.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (5:10)
**18.55 Real Hustle** (1:10) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru.
**19.20 Rules of Engagement** (5:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.
**19.45 Whose Line Is It Anyway** (13:20)
**20.10 The Marriage Ref** (8:12) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna.



**21.00 Nýtt útlit** (7:12)
**21.50 Nurse Jackie** (5:12)
**22.20 United States of Tara** (5:12)
**22.50 Jay Leno** (138:260)
**23.35 CSI: New York** (14:23)
**00.25 Sordid Lives** (8:12)
**00.50 CSI: Miami** (8:25)
**01.35 Nurse Jackie** (5:12)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**17.10 Golfing World**
**18.00 Golfing World**
**18.50 World Golf Championship Preview 2010**
**19.15 The Open Championship Official Film 2009**
**20.10 European Tour - Highlights 2010**
**21.00 PGA Tour Yearbooks**
**21.45 Golfing World**
**22.35 Ryder Cup Official Film 2004**
**23.50 Golfing World**
**00.40 ESPN America**
**06.00 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.00 The Doctors**
**19.45 Gossip Girl** (9:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.25 Little Britain** (4:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams og færðu þeim heimsfrægð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 V** (8:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**22.35 The Event** (6:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef.
**23.20 Dollhouse** (5:13) Spennuþáttaröð sem gerist í nánni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður".
**00.10 Gossip Girl** (9:22)
**00.55 Little Britain** (4:6)
**01.25 The Doctors**
**02.05 Sjáðu**
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ólafur Guðmundsson formaður félags fíkniefnalögreglumanna.
**21.00 Græðlingur** Gurrý er að ljúka haustverkunum.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór skoða þingmál í brennidepli.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.25

### The Devil's Mistress



Fyrri hluti magnþrungúinnar framhaldsmyndar. Hér segir frá átakasögu Angelicu Fanshawe sem er ung kona á tímum karlaveldis. Angelica er svikin af konungi sínum og þarf að læra að berjast fyrir sínu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Fjölradda sveiflusöngur **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Ris og fall flugeldahagkerfa **14.03** Um ljúfan dreng sem lifir enn **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.40** The Weakest Link **13.25** Deal or No Deal **14.00** Monarch of the Glen **14.50** Absolutely Fabulous **15.20** Absolutely Fabulous **15.50** My Family **16.20** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** My Hero **19.00** Life of Riley **19.30** QI **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** Spooks **21.20** Life of Riley **21.50** QI **22.20** How Not to Live Your Life **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

### DR 1

**12.00** Aftenshowet **12.30** Aftenshowet 2. del **13.00** Mission Ledelse **13.30** Fængslet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Stemmer fra Vollsmose **20.00** TV Avisen **20.35** Kontant **21.00** SportNyt **21.10** Livvagterne **23.00** Borgen **00.00** Naruto Uncut

### NRK 1

**12.50** Førkveld **13.30** Tinas mat **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Palme ved reisens slutt **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** På tro og are **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Brennpunkt **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Den store reisen **23.25** Skavlan

### SVT 1

**12.05** Livet på landet **13.05** Saltstänk och krutgubbar **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Sommarpratarna **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Vem tror du att du är? **19.40** Kvinnan i mitt liv **19.55** Din plats i historien **20.00** Veckans brott **21.00** Dox: The Cove **22.30** State of Mind **23.15** Starke man **23.45** Niklas Mat







## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér hafragraut alla morgna og set undanrennu út á.“*

Þórunn Lárusdóttir leikkona

# Friðrik Þór fær Wallander-leikara

Sverrir Guðnason, sjónvarpsleikari frá Svíþjóð, mun leika stórt hlutverk í fjögurra þátta sjónvarpsseríu sem byggð er á bók Árna Þórarinssonar, Tíma nornarinnar. Sverrir hefur getið sér gott orð fyrir leik sinn sem Pontus í Wallander-sjónvarpsmyndunum en þær hafa verið sýndar á RÚV við miklar vinsældir. Að sögn Guðrúnar Eddu Þórhannesdóttur, framleiðanda þáttaraðanna, verður sjónvarpsserían sýnd í norska, sænska og finnska ríkissjónvarpinu auk RÚV og þá er verið að ganga frá dreifingarsamningum við aðrar sjónvarpsstöðvar.

Tími nornarinnar var á sínum tíma sett upp í Útvarpsleikhúsinu og mun Hjálmar Hjálmarsson, bæjarfulltrúi Næstbesta flokksins, endurtaka hlutverk sitt sem Einar blaðamaður. Tökurnar fara að mestu leyti fram fyrir norðan. „Leiðin liggur meðal annars í Skagafjörð og við endum síðan á Akureyri,“ segir Guðrún en fjöldi ungra leikara kemur við sögu í þáttunum. Nægir þar að nefna Þóri Sæmundsson, Einar Aðalsteinsson, Ísgerði Elfu Gunnarsdóttur og Kára Viðarsson. Guðrún segir jafnframt að reynsluboltum á borð við Örn Árnason og Maríu Ellingsen muni bregða fyrir í þáttunum.

Ari Kristinsson verður tökumaður sjónvarpsþáttanna en fyrsti þáttur fer væntanlega í loftið í byrjun mars.„Við verðum í tökum fram í byrjun janúar, tökum okkur smá jólafrí,“ segir Guðrún, sem reiknar með því að höfundurinn sjálfur, Árni Þórarinsson, muni mæta á tökustaðinn og skoða aðstæður. „Hann hefur fylgst mjög vel frá upphafi og ég geri ráð fyrir því að það muni halda áfram.“





**KEMUR TIL ÍSLANDS** Sverrir Guðnason hefur aðallega leikið í sænskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum en kemur til Íslands og leikur í spennuþáttaröðinni Tíma nornarinnar eftir Friðrik Þór. Að sögn Guðrúnar Eddu Þórhannesdóttur verður þáttaröðin sýnd í sænska, norska og finnska ríkissjónvarpinu.




**GUÐMUNDUR GUNNARSSON:** NÝR KYNNIR Í SÖNGVAKEPPNINNI

# Verður gott að hafa Ragnhildi Steinunni sér við hlið

„Þetta er stóra stökkið og stórtíðindi fyrir hið bolvíska samfélag. Allavega hoppaði konan mín hæð sína af kæti,“ segir Guðmundur Gunnarsson sjónvarpsmaður. Hann verður annar af kynnum í söngvakeppni Sjónvarpsins en Ragnhildur Steinunn mun snúa aftur á skjáinn eftir fæðingarorlof sitt og stýra keppninni af sinni alkunnu snilld með honum.

Guðmundur vakti fyrst athygli fyrir skemmtileg innslög frá landsbyggðinni í fréttatímum Sjónvarpsins en hann hefur að undanförnu verið að gera þættina Á meðan ég man þar sem gamalt efni úr safni Ríkissjónvarpsins er í aðalhlutverki. Guðmundur segist gera sér vel grein fyrir því út í hvaða hákarlalaug hann sé að stökkva, söngvakeppnin sé stór hluti af íslenskri sjónvarpsmenningu enda fylgist rúmlega helmingur þjóðarinnar allajafna með.

„Það koma allir til með að hafa skoðanir á því hvernig maður segir hlutina og ekki síst í hverju maður er í útsendingu,“ segir Guðmundur en eins og frægt er orðið hellti fagstjóri fatahönnunardeildar LHÍ sér yfir þær Evu Maríu og Ragnhildi Steinunni í fyrra og gagnrýndi þær harðlega fyrir klæðaburð sinn í úrslitaþættinum. Guðmundur segist ekki hræðast slíkar skeytasendingar en bætir því við að það verði gott að hafa vana manneskju sér við hlið. Sjónvarpsmaðurinn fer að hlæja þegar hann er spurður hvort hann sé ekki hreinlega næsti „Gísli Einarsson“, sjónvarpsstjarna landsbyggðarinnar, en sá vinsæli sjónvarpsmaður var einmitt einnig kynnir við hlið Ragnhildar Steinunnar fyrir daga Evu Maríu. „Ég er allavega ekki jafn frýnilegur og Eva,“ segir Guðmundur af mikilli hógværð.

Guðmundur á sér sitt uppáhaldslag sem er Lífið er lag með hljómsveitinni Módel. Hann viðurkennir hins vegar að hann sé svona laumuaðdáandi, ólíkt syni sínum sem sé einhver harðasti Eurovision-aðdáandi sem sögur fari af. „Og hann verður örugglega mjög sáttur, ég verð eiginlega að hringja í hann og segja honum frá þessu.“

freyrgigja@frettabladid.is



**Í STAÐ EVU MARÍU**

**Guðmundur Gunnarsson** mun taka sér stöðu við hlið **Ragnhildar Steinunnar** þegar söngvakeppni Sjónvarpsins hefur göngu sína og kynna til leiks þau lög sem keppa um að verða framlag Íslands til Eurovision.

# Stórveldisdraumar á hilluna

„Við munum taka skiltið niður,“ segir Ómar Geir Þorgeirsson, formaður knattspyrnudeildar HK.

Stórt og mikið flettiskilti blasir við ökumönnum þegar keyrt er inn í Kópavoginn. Á því er merki HK og fullyrt að það sé aðeins eitt stórveldi í Kópavogi. Athyglisverð fullyrðing þegar HK er í fyrstu deild en erkifjendurnir í Breiðabliki eru nýbúnir að landa fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í knattspyrnu karla.

„Skiltið fór upp þegar við vorum enn þá í úrvalsdeildinni fyrir nokkrum árum en þar sem það varð endurnýjun í stjórn knattspyrnudeildarinnar er þetta bara eitt af þeim verkefnum sem eftir á að fara í,“ bætir Ómar við. Eins og margir ættu að vita eru erkifjendurnir í Breiðabliki ríkjandi Íslandsmeistarar í meistaraflokki karla og því hafa einhverjir sett spurningarmerki við Stórveldisskiltið. „Mér finnst þetta ekkert vandræðalegt. Blikarnir setja bara viðmið og við verðum að eltast við það. En skiltið mun einhvern tímann fara upp aftur,“ segir Ómar og hlær, en HK lenti í 8. sæti í fyrstu deildinni í sumar.

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, setur enga pressu á HK-inga. „Mér finnst bara gott ef félögin geta haft húmor sín á milli. Ef þeir auglýsa að það sé bara eitt stórveldi í Kópavogi, þá er það bara af hinu góða.“ - ka




**EKKI LENGUR EITT STÓRVELDI Í KÓPAVOGI** Knattspyrnudeild HK ætlar að fjarlægja flettiskiltið en formaðurinn hefur fulla trú á því að það verði sett upp aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ÚR ÞROTABÚI

**Flutt til landsins 2007, ætlað í lúxusíbúðir**

Ótrúleg verð • Fyrstur kemur, fyrstur fær

Elhúsinnréttingar, baðinnréttingar, fataskápar, forstofuskápar, þvottahúsinnréttingar, flísar og margt fleira.
ATH. TAKMARKAÐ MAGN.

**SPÓNLÖGÐ EIK / TOPP GÆÐI** Margar stærðir og gerðir













## MARGAR ÚTFÆRSLUR

**LAGERSALAN • Höfðabakka 9 • Sími 662 4499**

Opið virka daga kl 13-18
og um helgar 13-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fjögur þúsund áhorfendur

Um fjögur þúsund Íslendingar hafa séð Inhale, nýjustu kvikmynd **Baltasars Kormáks**, síðan hún var frumsýnd 24. október. Þessi góða aðsókn kemur ekki á óvart því myndin hefur víðast hvar fengið fína dóma og þykir þessi frumraun Baltasars í Hollywood gefa góð fyrirheit um framhaldið hjá honum vestanhafs. Inhale var frumsýnd á sama tíma í Bandaríkjunum í aðeins tveimur sýningarsölum. Fyrstu sýningarhelgina þénaði hún tæpar 340 þúsund krónur, sem er vitaskuld mun minna en hún hefur náð í kassann hérna heima, sem er um 4,4 milljónir króna. - fb



### Vill setja upp gallerí í turninum

Meðal þeirra sem sækja um að leigja turninn á Lækjartorgi er leikarinn **Valdimar Örn Flygenring**, en hann starfrækir ásamt félaga sínum félagið Stúdíó List, sem stendur fyrir námskeiðum í kvikmyndagerð og leiklist fyrir ungt fólk. „Þarna sáum við tækifæri til að opna minnsta gallerí í heimi“, sagði Valdimar í léttum dúr í samtali við Fréttablaðið. Hann sagði að þetta gæti orðið skemmtileg viðbót við listaflóruna í Reykjavík og kærkomið tækifæri fyrir atvinnulaus ungmenni.



### Mest lesið visir.is

1. Eigandi labradortíkur fundinn
2. Bandbrjálaður maður réðist á leigubíl
3. Nafn mannsins sem lést í Noregi
4. Meiri áhugi á líðan Jóns Gnarr en líðan borgarbúa
5. Fritzl segir eiginkonuna enn þá elska sig
6. Mikið tjón í eldsvoða í verkstæði við Eirhöfða í nótt





